



HEILINDI FRAMSÆKNI FAGMENNSKA

Ársskýrsla 2021



ALMENNÍ
LÍFEYRISJÓÐURINN



Starfsemi og rekstur

Starfsemi Almenna	4
Andlitslyfting á opnum vef	5
Ný sjóðfélagavefur	6
Ár nýrra nálgana	7
Stjórn og endurskoðunarnefnd	8
Starfsfólk og skrifstofa	9
Tryggingafræðileg staða	10
Hagstæð lífeyrisréttindi	11
Rekstrarkostnaður	12
Lán til sjóðfélaga	13
Lífeyrisgreiðslur	14

Ávöxtun og fjárfestingar

Samfélagsábyrgð	16
Ávöxtunarleiðir	17
Ávöxtun 2021	18
Fjárfestingarumhverfið 2021	19
Fjárfestingastefna	20
Eignasamsetning	21
Skuldabréf	22
Innlend hlutabréf	23
Dreift eignasafn á litlum markaði	24
Erlendar eignir	25
Erlend hlutabréf	26
Tíu stærstu útgefendur skuldabréfa	27
Tíu stærstu útgefendur hlutabréfa	28

Ársreikningur

Skýrsla stjórnar	30
Áritun óháðs endurskoðanda	34
Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris	37
Efnahagsreikningur	38
Sjóðstreymisyfirlit	39
Yfirlit yfir tryggingafræðilega stöðu samtryggingarsjóðs	40
Efnisyfirlit skýringa	47
– Áhættustýring og umfang áhættu	68
– Kennitölur	74
Selected Financial Information	84

Fylgiskjöl

Útdráttur úr fjárfestingarstefnu 2021	99
Útdráttur úr áhættustefnu 2021	102
Stjórnarháttayfirlýsing	103

Flýtihnappar:

Fara í efnisyfirlit:




Fara á fyrri síðu:

Fara á næstu síðu:

Starfsemi og rekstur





Eignir 367 milljarðar

Heildareignir Almenna lífeyrissjóðsins voru 367 milljarðar króna í árslok 2021 og stækkaði sjóðurinn um rúmlega 57 milljarða á árinu eða 19%. Sjóðfélagar í árslok voru 54.897.

Almenni

Almenni lífeyrissjóðurinn er fullgildur lífeyrissjóður og hefur starfsleyfi samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Sjóðurinn er öllum opinn en er jafnframt starfsgreinasjóður arkitekta, leiðsögumanna, lækna, hljómlistarmanna og tæknifræðinga. Lífeyrissjóðir þessara stétta hafa sameinast Almenna lífeyrissjóðnum og greiða félagar þeirra lágmarksiðgjöld í hann. Sjóðurinn hentar líka þeim sem geta valið í hvaða lífeyrissjóð þeir greiða lágmarksiðgjaldið og einnig þeim sem vilja greiða viðbótariðgjöld í lífeyrissjóð til að auka ráðstöfunartekjur sínar á eftirlaunaárunum.

Iðgjald

Lágmarksiðgjald í Almenna lífeyrissjóðinn er 12% af launum og skiptist þannig að 3,5% greiðast í séreignarsjóð og 8,5% í samtryggingarsjóð. Þeir sem greiða 15,5% af launum greiða 7% í séreignarsjóð og 8,5% í samtryggingarsjóð. Með greiðslu í samtryggingarsjóð safna sjóðfélagar fyrir ævilöngum ellilífeyrisgreiðslum auk þess að ávinna sér rétt á örorku- og barnalífeyri við starfsorkumissi og maka- og barnalífeyri við fráfall sjóðfélaga. Viðbótariðgjald (iðgjald umfram 12% af launum) er greitt í séreignarsjóð. Séreignarsjóður er laus til útborgunar frá 60 ára aldri.

Forverar Almenna

Almenni lífeyrissjóðurinn samanstendur af átta lífeyrisjóðum sem hafa sameinast á mismunandi tímum. Lífeyrisjóður Tæknifræðingafélags Íslands er elstur þessara sjóða en hann var stofnaður árið 1965. Þeir lífeyrissjóðir sem sameinast hafa í Almenna lífeyrissjóðinn eru (stofnár í sviga): ALVÍB (1990), Lífeyrissjóður arkitekta (1967), Lífeyrissjóður arkitekta og tæknifræðinga (1998), Lífeyrissjóður starfsmanna SÍF (1968), Lífeyrissjóður FÍH (1970), Lífeyrissjóður Félags leiðsögumanna (1977), Lífeyrissjóður lækna (1967) og Lífeyrissjóður Tæknifræðingafélags Íslands (1965).

Andlitslyfting á opnum vef

Í beinni síðan 1998



Árið 1998 hóf Almenni að birta daglegt gengi allra ávöxtunarleiða á vef sjóðsins og hefur gert síðan.

Fyrir vikið er hægt að rekja gengisþróun í allt að 24 ár aftur í tímann.



Myndrænt og upplýsandi

Á heimasíðu Almenna er að finna ítarlegar upplýsingar um rekstur sjóðsins og eignasöfn. Þar á meðal eru myndir af gengisþróun, eignum og fjárfestingastefnu og nafnávöxtun á ársgrundvelli.



Lánavefur

Nýverið opnaði Almenni lánavef til að einfalda aðgengi sjóðfélaga að upplýsingum um sjóðfélagalán og aðgerðum sem tengjast þeim. Á vefnum er meðal annars hægt að sækja um lán, hlaða inn öllum gögnum sem viðkemur lánum, fylgjast með afgreiðslu þeirra og greiða inn á þau.

Gæðka í öryggis lífi	Gæðka upp láni	Umframtorgreiðslusamtöngur
Upphæð 15 000	kr.	Fyrsti gjalddagi 01.06.2022
Mánaðar mætti gjalddaga 1		Fjöldi gjalddaga 7

STOFNA UMFRAMTORGREIÐSLUSAMNING

Léttari og aðgengilegri

Umtalsverðar útlitsbreytingar voru gerðar á árinu á ytri vef sjóðsins www.almenni.is.

Breytingarnar miðuðu að því að
léttu yfirbragðið og bæta aðgengi.
Sem fyrr er lögð áhersla á að
miðla upplýsingum um sjóðinn,
rekstur hans og annað er viðkemur
lífeyrismálum á eins skilvirkan hátt
og mögulegt er.

Nánar á **almenni.is**

Almennir leggur áherslu á að miðla upplýsingum um sjóðinn, rekstur hans og annað sem viðkemur lífeyrismálum á eins skilvirkan hátt og mögulegt er. Heimasíða Almenna er hönnuð með það fyrir augum.





Meiri veirutíð kallaði á að haldið væri áfram að leita nýrra leiða til að koma upplýsingum á framfæri við sjóðfélaga núverandi og væntanlegra. Fyrir vikið var enn meiri áhersla lögð á að miðla upplýsingum með myndböndum og hlaðvörpum frekar en gera ráð fyrir fundum eða samkomum fólks. Einn af kostum þess að gera myndbönd frekar en að halda fundi er að hægt er að endurnýta hluta efnisins.

5x5 góð ráð

Í stað fundar með ungu fólki til að fara yfir það sem hafa þarf í huga við upphaf starfsævi voru gerð fimm myndbönd. Í tveimur þeirra fór Stefanía Ásmundsdóttir ráðgjafi hjá Hagvangi yfir fimm góð ráð fyrir atvinnuviðtalið annars vegar og ferilskrána hins vegar. Í hinum þremur var leitast

við að svara því hvað lífeyrissjóður er, af hverju væri skynsamlegt að greiða í viðbótarlífeyrissparnað og helstu ástæður þess að velja Almenna lífeyrissjóðinn.

Fundir og hlaðvörp

Eina uppákoma síðasta árs sem ekki var eingöngu rafræn var ársfundurinn sem haldinn var 27. maí. Ársfundinum var einnig streymt til að tryggja að sem flestir gætu fylgst með fundinum þar sem fylgja þurfti fjöldatakmörkunum. Myndbönd voru notuð í stað annarra funda og uppákoma og birtar á heimasíðu sjóðsins og vakin athygli á þeim á samfélagsmiðlum. Sjóðurinn hefur gert sex hlaðvörp um hin ýmsu málefni eða allt frá algengum spurningum, sjáfbærni í fjárfestingum til þrjánauppskrifta og ýmislegt þar á milli.

Eftirlaun og erfðir

Meðal efnis sem gert var var myndband þar sem þau Þórhildur Stefánsdóttir og Hrannar Bragi Eyjólfsson leituðust við að svara spurningum sem eru algengar hjá þeim sem eru að nálgast eftirlaun.

Aljóðleg viðurkenning

Fagtímaritið Investment & Pensions Europe (IPE) valdi Almenna lífeyrissjóðinn besta lífeyrissjóð í Evrópu árið 2021 í löndum með færri íbúa en eina milljón. Þetta var í tuttugasta og fyrsta sinn sem þessi árlegu verðlaun eru veitt og í fimmta skipti sem sjóðurinn hlýtur þau.





Stjórn Almenna árið 2021–2022

Fremri röð frá vinstri: Hulda Rós Rúriksdóttir, Arna Guðmundsdóttir, Sigríður Magnúsdóttir. Aftari röð frá vinstri: Ólafur H. Jónsson, Davíð Ólafur Ingimarsson, Oddur Ingimarsson.

Stjórn sjóðsins

Stjórn sjóðsins er skipuð sex sjóðfélögum, kjörnum á ársfundi til þriggja ára í senn. Varamenn í stjórn eru þrír. Á hverju ári eru kosnir tveir aðalmenn í stjórn og einn varaformaður.

Stjórnarfundir

Stjórnin fundar að jafnaði einu sinni í mánuði og oftast ef tilefni er til. Á tímabilinu frá júní 2021 til mars 2022 fundaði stjórnin 14 sinnum. Stjórnarmenn hafa auk þess mætt á ýmsa fundi milli stjórnarfunda til að greina mál eða afgreiða milli funda.

Stjórn 2021–2022

Aðalmenn:

Hulda Rós Rúriksdóttir, formaður
Oddur Ingimarsson, varaformaður
Arna Guðmundsdóttir
Davíð Ólafur Ingimarsson
Ólafur Jónsson
Sigríður Magnúsdóttir

Til vara:

Oddgeir Ágúst Ottesen
Helga Jónsdóttir
Kristján Þ. Davíðsson

Kosin/n á ársfundi

2021
2019
2021
2019
2020
2020

2019
2020
2021

Endurskoðunarnefnd

Samkvæmt samþykktum sjóðsins skipar stjórn þriggja manna endurskoðunarnefnd til eins árs. Hlutverk nefndarinnar er að leitast við að tryggja áreiðanleika ársreikninga ásamt óhæði endurskoðenda sjóðsins auk þess að hafa eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits og áhættustýringar. Í endurskoðunarnefndinni árið 2021 til 2022 sitja Gísli Hlíðberg Guðmundsson, formaður, Eiríkur Þorbjörnsson og Davíð Ólafur Ingimarsson.



Verið velkomin í Borgartún 25

Skrifstofa sjóðsins er í Borgartúni 25, Reykjavík, á 5. hæð en þar er góð aðstaða til að taka á móti sjóðfélögum. Skrifstofan er opin mánudaga til föstudaga kl. 9–15.

Ráðgjafar og móttaka

Ráðgjafar sjóðsins eru fjórir og geta sjóðfélagar leitað til þeirra um sérhæfða þjónustu og ráðgjöf um lífeyrismál.

Þórhildur Stefánsdóttir, deildarstjóri	thorhildur@almenni.is
Ásgerður Hrönn Hafstein, ráðgjafi	asgerdur@almenni.is
Brynja Margrét Kjærnested, ráðgjafi	brynja@almenni.is
Bryndís Davíðsdóttir, ráðgjafi	bryndis@almenni.is
Halldór Bachmann, kynningarstjóri	halldor@almenni.is
Jóna Margrét Sigurðardóttir, bakvinnsla lána	jona@almenni.is

Iðgjalda- og lífeyrisdeild

Iðgjalda- og lífeyrisdeild sér um skráningu iðgjalda og greiðslu lífeyris.

Guðbjörg Rúnarsdóttir, lífeyrir	gudbjorg@almenni.is
Ingibjörg Elín Þorvaldsdóttir, innheimta	ingibjorg@almenni.is
Una Hafðís Hauksdóttir, lífeyrir	una@almenni.is

Eignastýring

Eignastýringarteymi sjóðsins sér um stýringu eigna sjóðsins í samræmi við fjárfestingarstefnu. Fjárfestingarstjóri stýrir störfum teymisins.

Kristjana Sigurðardóttir, fjárfestingarstj.	kristjana@almenni.is
Helga Indriðadóttir, sjóðstjóri	helga@almenni.is
Grétar Már Axelsson, sjóðstjóri	gretar@almenni.is

Bókhald


Bókhaldsdeild sér um daglegt bókhald, mánaðarlegar afstemmingar, skýrslur og árlegt uppgjör sjóðsins.

Jóna Bergþóra Sigurðardóttir, sérfræðingur	jonab@almenni.is
Eva Ósk Eggertsdóttir, sérfræðingur	eva@almenni.is

Rekstur og önnur verkefni

Daglegur rekstur og verkefni sem tengjast öllum starfsmönnum og deildum.

Lóa Rún Kristinsdóttir, gjaldkeri	loa@almenni.is
Sigurður Örn Jónsson, deildarstj. tölvumála	siggi@almenni.is
Sigurður Örn Karlsson, áhættustjóri	sigurdurorn@almenni.is
Sigríður Ómarsdóttir, skrifstofustjóri	sigridur@almenni.is
Helgi Pétur Magnússon, lögmaður sjóðsins og deildarstjóri lána	helgip@almenni.is
Hrannar Bragi Eyjólfsson, lögfræðingur	hrannar@almenni.is
Gunnar Baldvinsson, framkvæmdastjóri	gunnar@almenni.is



Tryggingafræðileg staða milli ára

Tryggingafræðileg staða batnaði vegna góðrar ávöxtunar en versnaði við innleiðingu nýrra líftaflna.

Tryggingafræðileg úttekt

Við mat á fjárhagsstöðu samtryggingarsjóða eru eignir bornar saman við skuldbindingar á þrjá vegu.

- **Áunnin staða.** Núverandi eignir eru bornar saman við skuldbindingar vegna áunninna réttinda.
- **Framtíðarstaða.** Núvirði iðgjalda virkra sjóðfélaga til 70 ára aldurs er borið saman við réttindi sem framtíðariðgjöld mynda.
- **Heildarstaða** er samtala áunninnar stöðu og framtíðarstöðu.

Við mat á tryggingafræðilegri stöðu Almenna lífeyrissjóðsins eru því notaðar sértækar dánarlíkur fyrir sjóðfélaga sem eru um 80% af almennum dánarlíkum. Í stuttu máli þýðir þetta að við mat á skuldbindingum er reiknað með að sjóðfélagar í Almenna lifi að jafnaði 2 árum lengur en meðalævin.

Staðan og áhrif nýrra líftafla

Fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur samþykkt tillögur Félags íslenskra tryggingarstærðfræðinga um breytingar á forsendum reiknigrunnis um lífslíkur. Breyttar forsendur gera ráð fyrir lengri lífaldri sem eykur skuldbindingar lífeyrissjóðanna þar sem þeir greiða ellilífeyri til æviloka.

Tryggingafræðilega staða samtryggingarsjóðs breyttist mikið við innleiðingu á nýjum líftöflum. Í árslok 2021 voru áfallnar skuldbindingar 1,2% umfram eignir, framtíðarskuldbindingar voru 13,9 % umfram framtíðariðgjöld og heildarskuldbindingar voru 6,6% umfram heildareignir. Samkvæmt úttektinni versnaði áfallin staða um 8,6% við vegna nýrra líftaflna, framtíðarstaða versnaði um 10,6% og heildarstaðan um 9,6%.

Mótvægisáðgerðir og breytingar

Á ársfundi sjóðsins verða kynnt viðbrögð sjóðsins við nýjum líftöflum. Iðgjald í samtryggingarsjóð hækkar úr 8% í 8,5% af launum og sjóðurinn mun innleiða nýja réttindatöflu fyrir framtíðargjöld. Þá verður lögð fram tillaga um aldursháða breytingu á áunnum réttindum frá -3,8% til -15,5% þar sem nú er reiknað með fleiri væntum árum á lífeyri og að yngri sjóðfélagar lifi að jafnaði lengur en þeir eldri.

Vegna góðrar ávöxtunar á síðustu árum og með hliðsjón af stöðu samtryggingarsjóðs eftir aldursháða breytingu á réttindum leggur stjórn til að réttindi í samtryggingarsjóði og lífeyrisgreiðslur hækki síðan hlutfallslega jafnt um 3,95%.

ÚTBORGUN

LÍFEYRIR

SÉREIGN

NÁNAR

Eftirlaun

Sjóðfélagi lætur af störfum 67 ára

53%
af
launum

6,6
árslaun

- Ellilífeyrir greiddur frá 70 ára aldri til æviloka.
- Inneign 67 ára nemur 6,6 árslaunum. Dugir til að greiða 78% af lokalaunum í 10 ár.

Örorka

Sjóðfélagi verður óvinnufær 40 ára

52%
örorku-
lífeyrir

1,5
árslaun

- Örorkulífeyrir sem nemur 52% af lokalaunum.
- Barnalífeyrir að fjárhæð 40 þúsund kr. er greiddur með hverju barni til 20 ára aldurs barns.
- Inneign sem nemur 1,5 árslaunum. Dugir til að greiða 24% af meðallaunum í 7 ár.

Fráfall

Sjóðfélagi fellur frá 45 ára

26%
maka-
lífeyrir

1,5
árslaun

- Makalífeyrir sem nemur 26% af lokalaunum. Barnalífeyrir að fjárhæð 40 þúsund krónur er greiddur með hverju barni til 20 ára aldurs barns.
- Inneign sem nemur 1,5 árslaunum. Dugir til að greiða 24% af meðallaunum í 7 ár.

Dæmi um inneign og lífeyri

Réttindi og inneign ef sjóðfélagi greiðir 15,5% iðgjald í sjóðinn af föstum launum á aldrinum 25 til 66 ára.

Reiknað með 3,5% raunávöxtun á ári.



Hagstæð lífeyrisréttindi

Í Almenna lífeyrissjóðnum er samsetning lífeyrisréttinda öðruvísi en í flestum öðrum lífeyrissjóðum. Lágmarksiðgjald er greitt bæði í séreignarsjóð og samtryggingarsjóð en þannig safnast upp hagstæð lífeyrisréttindi og séreign sem skapar sveigjanleika. Í dæminu fyrir ofan greiðir sjóðfélagi 15,5% iðgjald sem skiptist þannig að 8,5% af launum greiðast í samtryggingarsjóð og 7% í séreignarsjóð.

Inneign í séreignarsjóði er laus til útborgunar við 60 ára aldur og geta sjóðfélagar ráðið hvort þeir taka inneignina út í einu lagi eða dreifa úttektinni á lengri tíma. Inneignin erfist við fráfall og eykur það fjárhagslegt öryggi aðstandenda.

Með greiðslum í samtryggingarsjóð ávinna sjóðfélagar sér rétt á ellilífeyri til æviloka og áfallalífeyri (örorku-, maka- og barnalífeyrir) sem ver þá og fjölskyldur þeirra fyrir tekju- missi vegna örorku eða dauða.

- Sjóðfélagar geta hafið töku ævilangs ellilífeyris á aldrinum 60 til 80 ára.
- Örorkulífeyrir er greiddur til 70 ára aldurs ef sjóðfélagar missa starfsorku.
- Makalífeyrir er greiddur til maka við fráfall sjóðfélaga í 2,5 ár og lengur ef sjóðfélagi á barn undir 20 ára aldri eða ef makinn er öryrki og yngri en 67 ára.
- Barnalífeyrir er greiddur til barna yngri en 20 ára við fráfall eða við starfsorkumissi sjóðfélaga. Fjárhæð barnalífeyris í mars 2022 er 40.010 kr. á mánuði.
- Ef barn látins sjóðfélaga á hvorki foreldri né kjörforeldri á lífi er greiddur tvöfaldur barnalífeyrir.



Raunkostnaður og áætlun

Kostnaður jókst á milli ára 2020 og 2021 en var undir rekstraráætlun.

Stefnt að lágmarkskostnaði

Markmið Almenna lífeyrissjóðsins er að halda kostnaði í lágmarki þannig að sem mest af ávöxtun sjóðsins skili sér til sjóðfélaga. Þessu er fylgt eftir með því að gæta hófs í rekstri og reyna að lágmarka fjárfestingarkostnað við ávöxtun eigna sjóðsins eins og hægt er. Þrátt fyrir þetta hefur rekstrarkostnaður hækkað á liðnum árum í takt við verðlag og auknar kröfur um áhættustýringu og eftirlit.

Kostnaður í samanburði við áætlun 2021


Rekstraráætlun fyrir árið 2021 gerði ráð fyrir heildarkostnaði að fjárhæð 848 milljónir króna. Raunverulegur rekstrarkostnaður varð 831 milljónir króna sem er 2% lægri en áætlun. Kostnaður við upplýsingatækni og markaðs- og kynningarmál var meiri en gert var ráð fyrir en starfsmannakostnaður var undir áætlun.

Stærstu kostnaðarliðirnir

Starfsmannakostnaður vegur þýngst í rekstrarkostnaðinum en hjá sjóðnum starfa 21 starfsmenn. Sjá nánar um starfsfólk og skipulag á bls. 9. Upplýsingatækni er annar stærsti kostnaðarliðurinn en sjóðurinn notar sérstök upplýsingakerfi fyrir eignir, réttindi sjóðfélaga, lán og bókhald. Sjóðurinn býður jafnframt sjóðfélögum og launagreiðendum upp á að skoða upplýsingar á sjóðfélaga- og launagreiðendavef. Í febrúar 2022 opnaði Almenni nýjan og endurbættan sjóðfélagavef og þar sem sjóðurinn leitast við að halda áfram að sýna frumkvæði í þróun á þjónustu við sjóðfélaga. Sjóðfélagavefurinn veitir yfirsýn á augabragði og er ætlað að bæta enn frekar aðgengi að upplýsingum og aðgerðum fyrir sjóðfélaga til að stýra sínum lífeyrismálum. Á launagreiðendavef geta atvinnurekendur skoðað upplýsingar um iðgjaldagreiðslur á læstu vefsvæði. Í desember 2021 opnaði Almenni nýjan lánavef fyrir sjóðfélaga til að einfalda aðgengi lántaka að ítarlegum upplýsingum um sjóðfélagalán og aðgerðum sem tengjast þeim.

Áætlun 2022

Stjórn sjóðsins samþykkti á stjórnarfundum í desember sl. rekstraráætlun fyrir árið 2022. Samkvæmt henni stefnir í að rekstrarkostnaður sjóðsins verði um 850 milljónir króna eða um 0,23% af áætluðum meðaleignum ársins. Samkvæmt áætlun hækkar starfsmannakostnaður, upplýsingatækni lækkar en aðrir kostnaðarliðir hækka um 7,5%. Þegar áætlun var gerð var reiknað með 4,2% verðbólgu.



Lán aukast á ný

Myndin sýnir þróun nýrra útlána frá árinu 2017, ásamt uppgreiðslum.

Nettó lánveitingar á árinu 2021 var 1,6 milljarðar króna.

Sjóðfélagalán Almenna

Almenni lífeyrissjóðurinn býður sjóðfélögum að velja á milli lána með föstum verðtryggðum vöxtum eða verðtryggðra- og óverðtryggðra lána þar sem vextir eru nú festir til þriggja ára og taka eftir það breytilega vexti. Lánstími er sveigjanlegur til allt að 40 ára og enginn kostnaður er greiddur við innborgun eða uppgreiðslu lána.

Á árinu sneri við sú þróun sem hófst á árinu 2020 þegar uppgreiðslur lána voru meiri en nýjar lánveitingar. Uppgreiðslur voru reyndar meiri en lánveitingar framan af árinu en frá og með júlí hefur sjóðurinn lánað meira en uppgreidd lán. Sjóðurinn lánaði sjóðfélögum samtals 11,6 milljarða með veði í fasteignum á árinu 2021 en árið á undan voru veitt ný lán fyrir 14,3 milljarða. Á árinu voru greidd upp eldri lán fyrir 10 milljarða þannig að nettó lánveitingar námu 1,6 milljörðum.

Heildarsafn sjóðfélagalána stóð í um 36 milljörðum í lok árs 2021. Skipting útlána var með þeim hætti að 66% útlána eru verðtryggð en 34% óverðtryggð.

Viðbótarlán fyrir fyrstu fasteign


Vorið 2021 voru lánareglur endurskoðaðar og heildarlánsfjárhæðir hækkaðar. Þannig geta sjóðfélagar sem greiða lágmarksiðgjald til sjóðsins nú sótt um lán allt að 80 milljónir. Jafnframt var samþykkt að bjóða upp á viðbótarlán þegar lántaki kaupir sína fyrstu fasteign. Viðbótarlán er veitt miðað við veðhlutfall frá 70% til 85% af söluandvirði fasteignar, en þó aldrei hærra en sem nemur brunabótamati íbúðarhúsnæðisins ásamt lóðarmati. Samtala viðbótarláns og grunnláns getur ekki numið hærri fjárhæð en 50 milljónum og bera viðbótarlán nú 0,75% álag ofan á vaxtakjör grunnlána.

Nýr lánavefur bætir þjónustu

Í desember 2021 opnaði Almenni nýjan lánavef fyrir sjóðfélaga til að einfalda aðgengi sjóðfélaga að ítarlegum upplýsingum um sjóðfélagalán og aðgerðum sem tengjast þeim. Á lánavefnum er meðal annars hægt að sækja um lán, meta áhrif aukagreiðslna á greiðslubyrði, greiða eingreiðslu eða gera samning um aukagreiðslur tímabundið inn á lán.

Endurfjármögnun lána getur verið góður kostur

Margir sjóðfélagar hafa nýtt lækkan vaxta á markaði á undanförunum til þess að endurfjármagna eldri lán með nýjum fasteignatryggðum lánum á lægri vöxtum. Eftir samfellda lækkan vaxta síðustu ár hafa óverðtryggðir vextir hækkað aftur vegna aukinnar verðbólgu. Verðtryggðir vextir hafa hins vegar haldist lágir. Endurfjármögnun lána getur verið góður kostur fyrir þá sem eru með lán á hærri vöxtum en bjóðast hverju sinni. Lán frá Almenna lífeyrissjóðnum eru án uppgreiðslugjalds og geta lántakendur hvenær sem er greitt inn á þau eða greitt þau upp án kostnaðar. Það er mikill kostur fyrir þá sem hyggjast endurfjármagna eldri lán. Þá hefur sjóðurinn lagt áherslu á að ný lán bjóðist með föstum vöxtum til fyrstu 36 mánaða lánsins. Eftir þetta fastvaxtatímabil tekur lánið breytilega vexti, en lántakendur hafa kosta á því að festa lánið í aðra 36 mánuði á þeim vöxtum sem eru í boði hverju sinni. Með þessu móti geta sjóðfélagar tekið lán með föstu greiðsluflæði til þriggja ára.



Lífeyrisgreiðslur

Súluritinn sýna lífeyrisgreiðslur úr samtryggingarsjóði annars vegar og úttekt úr séreignarsjóði hins vegar. Greiðslur úr séreignarsjóði voru nánast óbreyttar á milli ára en ellilífeyrisgreiðslur úr samtryggingarsjóði jókst um 12,8%.

Lífeyrisgreiðslur aukast milli ára

Árið 2021 greiddi Almenni lífeyrissjóðurinn samtals 8,4 milljarða í lífeyri og skiptust greiðslurnar þannig að 5,3 milljarðar voru greiddir úr séreignarsjóði en 3,1 milljarður úr samtryggingarsjóði. Samtals fengu 4.514 lífeyrisgreiðslur úr séreignarsjóði árið 2021, þ.a. nýttu 2.781 heimild til að ráðstafa séreignarsparnaði inn á lán, 665 nýtti heimild til úttektar vegna Covid og 85 nýttu sér heimild til að greiða inn á fyrstu íbúð. Lífeyrisþegar úr samtryggingarsjóði voru samtals 2.500 og skiptust þannig að 1.709 fengu ellilífeyri, 510 örorkulífeyri, 195 makalífeyri og greiddur var barnalífeyrir vegna 86 barna.

Breytingar milli ára

Ellilífeyrisgreiðslur úr samtryggingarsjóði hafa hækkað jafnt og þétt í takti við hækkanði meðalaldur sjóðfélaga. Örorku-, maka- og barnalífeyrir er svipaður milli ára. Reglulegar greiðslur úr séreignarsjóði hækka á milli ára og greiðslur inn á lán hækka aðeins á milli ára en á árinu námu þær 1.032 milljónum en 1.005 milljónum árið 2020.

Heimild til að greiða viðbótarlífeyrissparnað inn á lán

Á árinu 2014 samþykktu stjórnvöld að heimila einstaklingum að greiða viðbótarlífeyrissparnað skattfrjálst inn á fasteignalán á tímabilinu 1. júlí 2014 til 30. júní 2017. Á árinu 2016 var heimildin framlengd um tvö ár eða fram til 30. júní 2019. Heimildin var aftur framlengd um tvö ár á árinu 2019 og gildir nú til 30. júní 2023. Fjöldi sjóðfélaga hjá Almenna lífeyrissjóðnum hefur nýtt sér þetta úrræði en í lok desember var búið að greiða 7,6 milljarða fyrir 4.646 sjóðfélaga inn á lán og 380 milljónir höfðu verið nýttar til íbúðarkaupa fyrir 537 sjóðfélaga.

Ávöxtun og fjárfestingar



Orð til alls fyrst

Til að stuðla að umræðu um sjálfbærni í fjárfestingum stóð Almenni að gerð hlaðvarps og fékk til þátttöku þau Þröst Olaf Sigurjónsson prófessor við viðskiptafræðideild HÍ og Copenhagen Business School og Láru Jóhannsdóttur, prófessor í umhverfis- og auðlindafræði við viðskiptafræðideild HÍ. Hlaðvarpið má finna undir fræðsla og ráðgjöf á www.almenni.is.

Stefna um ábyrgar fjárfestingar og eigendastefna

Áhersla er lögð á sjálfbærni og samfélagsábyrgð í fjárfestingum Almenna lífeyrissjóðsins. Lífeyrissjóðurinn starfar eftir stefnu sjóðsins um ábyrgar fjárfestingar, sem endurskoðuð er á hverju ári. Með ábyrgum fjárfestingum er átt við að horft sé til umhverfismála, félagslegra málefna og stjórnarhátta í fjárfestingum. Viðmið og áherslur um stjórnarhætti í þeim félögum sem sjóðurinn á verulegan eignarhlut í, er jafnframt að finna í eigendastefnu sjóðsins.

Umhverfisvitund

Sífelld meiri áhersla er lögð á umhverfismál og sjálfbærni, hjá fyrirtækjum, fjárfestum og samfélaginu öllu. Almenni lífeyrissjóðurinn vinnur skv. stefnu að því að auka umhverfis-sjálfbærni fjárfestinga í eignasafni sjóðsins. Sjóðurinn hefur undirritað viljayfirlýsingu um fjárfestingar í þágu sjálfbærrar uppbyggingar, sem gefin var út af Ríkisstjórn Íslands, lífeyrissjóðum og fjármálafyrirtækjum á Íslandi (2020) og viljayfirlýsingu gagnvart alþjóðlegu samtökunum Climate

Invest Coalition um fjárfestingar í verkefnum sem tengjast hreinni orku og öðrum umhverfisvænum lausnum (2021). Sjóðurinn leggur jafnframt áherslu á umhverfisvitund í daglegum rekstri sjóðsins, stjórnun og ákvarðanatöku


Umhverfisáhrif fjárfestinga

Með auknum áherslum á sjálfbærni í fjárfestingum er unnið að því að greina umhverfisáhrif fjárfestinga lífeyrissjóðsins, m.a. með það í huga að draga úr kolefnisspori og að upplýsa sjóðfélaga um umhverfisáhrif fjárfestinga. Mikilvægt er að samræma greiningar og viðmið þegar kemur að slíku mati. Samræmt regluverk og aukin upplýsingagjöf mun á næstu árum auðvelda lífeyrissjóðum og öðrum fjárfestum að meta umhverfissjálfbærni fjárfestinga, greina og mæla áhrif þeirra. Nú þegar hafa m.a. ýmsar reglugerðir Evrópu-sambandsins á þessu sviði tekið gildi og aðrar eru í innleiðingarferli. Sem dæmi má nefna reglugerð um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu (SFDR regulation) og flokkunarreglugerð (EU taxonomy) sem

fjallar um skilgreiningu á umhverfissjálfbærri, eða grænni, atvinnustarfssemi og þær kröfur sem gerðar eru til upplýsingagjafar. Slíkar reglugerðir munu auðvelda fjárfestum að meta sjálfbærni og geta þannig í auknum mæli beint flæði fjármagns til umhverfissjálfbærra fjárfestinga.

Styður við markmið um góða langtímaávöxtun

Sjóðurinn telur að áherslur á sjálfbærni og samfélagsábyrgð fari saman við markmið um góða langtímaávöxtun. Hjá flestum þjóðum hefur orðið almenn vitundarvakning sem eykur líkur á að fyrirtæki sem leggja áherslu á samfélagslega ábyrgð ráði til sín hæft starfsfólk, geti bætt rekstur og þjónustu við viðskiptavinum og geti skilað góðri afkomu til langs tíma. Mikil eftirspurn er einnig eftir umhverfisvænum lausnum og því er margt sem bendir til að slíkar fjárfestingar geti skilað góðri langtímaávöxtun auk þess að hafa jákvæð áhrif á samfélög.



Skipting eigna

Í árslok 2021 voru 52% eigna í séreignarsjóði og 48% í samtryggingarsjóði.

Ævisafn II er stærsta ávöxtunarleið séreignarsjóðs og vega blandaðar ávöxtunarleiðir um 85% af séreignarsjóði.

Blandaður lífeyrissjóður

Almenni lífeyrissjóðurinn er blandaður lífeyrissjóður að því leyti að iðgjöld sjóðfélaga eru greidd bæði í samtryggingar- og séreignarsjóð.

Séreignarsjóður

Í séreignarsjóði eru iðgjöld sjóðfélaga greidd á sérreikning hans ásamt ávöxtun ár hvert. Inneign sjóðfélaga í séreignarsjóði er laus til útborgunar við 60 ára aldur. Inneignin erfist við fráfall. Ávöxtunarleiðir séreignarsjóðs eru sex. Þær eru Ævisafn I, Ævisafn II, Ævisafn III, Ríkissafn, Húsnæðissafn og Innlánaðsafn. Ævisöfn I, II og III eru blönduð verðbréfasöfn með innlánum, skuldabréfum og hlutabréfum. Innlánaðsafnið fjárfestir eingöngu í innlánum,


Ríkissafnið fjárfestir í ríkisskuldabréfum með meðallöngum meðaltíma og Húsnæðissafnið fjárfestir í veðtryggðum skuldabréfum, ríkisskuldabréfum og innlánum. Ríkissafni stuttu var lokað í febrúar 2022.

Samtryggingarsjóður

Eignir samtryggingarsjóðs eru ávaxtaðar í sérgreindu verðbréfasafni. Markmið safnsins er langtímahækkun eigna með fjárfestingum í skuldabréfum og hlutabréfum.

Fjárfestingarstefna samtryggingarsjóðsins tekur mið af réttindakerfi, lífeyrisbyrði, aldurssamsetningu sjóðfélaga og áætluðu framtíðargreiðsluflæði vegna lífeyrisskuldbindinga sjóðsins.

- Stefnt er að því að skuldabréf vegi 45% og hlutabréf 55% af eignum samtryggingarsjóðs.
- Ákvörðun um vægi hlutabréfa í fjárfestingarstefnu er tekin með hliðsjón af lífeyrisbyrði (hlutfall lífeyrisgreiðslna og iðgjalda) og áætluðu greiðsluflæði samtryggingarsjóðs.
- Lífeyrisbyrði á árinu 2021 var 40,8% og er reiknað með að iðgjöld verði meiri en lífeyrisgreiðslur að minnsta kosti til ársins 2030.
- Samtryggingarsjóðurinn þolir því að taka á sig sveiflur á verði hlutabréfa og býr ekki við þá áhættu að þurfa að selja hlutabréfin þegar hlutabréfaverð er lágt á mörkuðum og getur því fjárfest nokkuð hátt hlutfall af eignum í hlutabréfum.



Ávöxtun síðustu ára

Myndin sýnir nafn- og raunávöxtun síðasta árs og raunávöxtun síðustu fimm og tíu ára.

Ár innlendra hlutabréfa

Á árinu 2021 gætti áhrifa heimsfaraldurs kórónuveiru enn og hafði áhrif á hagkerfi heimsins. Talsverðar sveiflur voru á innlendum og erlendum verðbréfamörkuðum og lituðust markaðir af stöðu faraldursins hverju sinni og framvindu bóluþetta. Lágvaxtaumhverfi heimsins sem og bjartsýni um að nú stýttist í lok faraldursins hafði jákvæð áhrif á hlutabréfamarkaði og hækkaði hlutabréfaverð á flestum mörkuðum mikið, sem skilaði góðri ávöxtun inn í blönduð söfn Almenna.

Allar ávöxtunarleiðir Almenna lífeyrissjóðsins skiluðu jákvæðri nafnávöxtun á árinu 2021, mest hækkaði Ævisafn I, eða um 20,7% sem jafngildir 15,1% raunávöxtun. Það er næst mesta raunhækkun safnsins á einu ári frá stofnun þess árið 1998.

Heimsvísitala erlendra hlutabréfa MSCI hækkaði um 21,8% í USD sem jafngildir um 24,9% hækkun í íslenskum krónum þar sem krónan veiktist gagnvart USD. Góð ávöxtun var á innlendum hlutabréfamarkaði og hækkaði heildarvísitala aðallista um 42,1%.

Vextir á skuldabréfamarkaði hafa lækkað mikið á síðustu misserum og hafa skuldabréf skilað góðum gengishagnaði sem bætist við ávöxtun bréfanna. Á síðasta ári var áfram ágæt ávöxtun á verðtryggðum skuldabréfum og hækkaði vísitala Nasdaq Iceland fyrir 10 ára löng verðtryggð skuldabréf um 7,9%. Sambærileg vísitala fyrir 10 ára óverðtryggð skuldabréf lækkaði hinsvegar um 2,5%, sem skýrist af hækkun á ávöxtunarkröfu óverðtryggðra skuldabréfa yfir árið. Verðbólga árið 2021 var 4,8% og reyndist nokkuð umfram það sem flestir höfðu vænst.

Blönduð söfn Ávöxtun blandaðra ávöxtunarleidda, þ.e. Ævisafna I, II, III og samtryggingarsjóðs var frá 10,4% til 20,7%. Ævisafn I hækkaði um 20,7%, Ævisafn II um 16,7%, Ævisafn III um 10,4% og samtryggingarsjóður um 15,6%. Hækkun á erlendum og innlendum hlutabréfamörkuðum hafði mest áhrif til hækkunar á gengi safnanna.

Ríkissafn hækkaði um 6,2%. Lækkun á ávöxtunarkröfu langra verðtryggðra skuldabréfa og hækkun á vísitölu neysluverðs skýra að mestu ávöxtun safnsins.


Ríkissafn stutt hækkaði um 0,3%. Sveiflur og hækkun á ávöxtunarkröfu stuttra óverðtryggðra skuldabréfa skýra að mestu ávöxtun safnsins.

Verðtryggð innlán Innlánasafnið hækkaði um 4,8%. Safnið ávaxtar eignir sínar á bundnum innlánsreikningum og vega verðtryggð innlán ríflega 96% af eignum safnsins. Verðbólga ársins skýrir að mestu ávöxtun á árinu, en vextir á verðtryggðum innlánsreikningum eru nú óverulegir.

Húsnæðissafnið hækkaði um 5,2%. Safnið ávaxtar eignir sínar að mestu í veðskuldabréfum, innlánnum og í stuttum óverðtryggðum ríkisskuldabréfum.

Góð langtímaávöxtun

Frá árinu 1990 hefur meðalraunávöxtun samtryggingarsjóðs verið 5,0% á ári að jafnaði eða um 1,5 prósentustigum yfir 3,5% raunávöxtunarviðmiði lífeyrissjóða. Á sama tíma var meðalraunávöxtun Ævisafns II 4,7% en safnið hóf ekki að fjárfesta í hlutabréfum fyrr en árið 1998.



Ár afbrigðanna – bólusett ávöxtun

Innlend hlutabréf skiluðu bestri ávöxtun af þeim eignarflokkum sem AL fjárfestir í á árinu 2021. Versnandi verðbólguhorfur og hærra vaxtastig leiddi til neikvæðrar ávöxtunar á óverðtryggðum skuldabréfum hérlandis og á heimsmarkaði en löng verðtryggð ríkisskuldabréf skiluðu góðri ávöxtun yfir árið. Hrávöru-verð hækkaði mikið á árinu.

Fjárfestingaumhverfið 2021

Árið 2021 einkenndist að miklu leyti af sveiflukenndum sóttvarnaðgerðum þar sem tilslakanir og herðingar skiptust á. Ágætlega gekk að bólusetja heimsbyggðina en misskipting í dreifingu og ólíkur vilji til að þiggja bólusetningu tafði það að stórir hlutar heimsins næðu hinu eftirsóknarverða hjarðónæmi. Nýtt afbrigði veirunnar skæðu kom fram á fjórða ársfjórðungi og reyndist umtalsvert meira smitandi en fyrri afbrigði en til heilla olli það minni veikindum í heildina. Sóttvarnaryfirvöld á flestum svæðum hafa á fyrsta ársfjórðungi ársins 2022 afnumið mest allar sóttvarnaðgerðir og standa vonir til að nú sjái fyrir endann á faraldrinum og sóttvarnaðgerðum.

Hagvöxtur á heimsvísu var góður á árinu 2021 þrátt fyrir að efnahagsbatinn reyndist hægari en vonast hafði verið eftir í upphafi árs. Efnahagsleg viðbrögð ríkja við faraldrinum urðu þess valdandi að ríkissjóðir tóku á sig umtalsvert aukna skuldsetningu. Vaxtastig og fjárhagslegur stuðningur seðlabanka BNA og Evrópu studdi áfram við eignaverð í heimsálfunum. Flutningskostnaður hækkaði hins vegar hratt, orkuverð

fór hækkanði og verðbólga hækkaði víða. Undir lok árs var það mat margra greiningaraðila að helsti áhættuþátturinn væri að vegna hækkanði verðbólgu myndu seðlabankar herða hraðar á stjórntækjum peningastefnunnar en fjárfestar væntu og að það myndi kalla á leiðréttingu eignaverðs.

Það ríkti friður í heiminum í faraldrinum á meðan hver átti nóg með sóttvarnir á sínu heimasvæði. Á nýju ári hófu Rússar síðan innrás í Úkraínu og gamlir kaldir draugar vöknudust aftur þegar orðaskipti um kjarnorkuvopn áttu sér stað. Heimurinn naut svikalogns á tímum heimsfaraldurs en er nú vakinn upp af góðum draumi með endurnýjaðri ógn við heimsfrið. Sem stendur er ekki útlit fyrir að stríðið breiðist út fyrir Úkraínu en lítið má út af bregða á viðsjárverðum tímum. Hörd viðbrögð vesturvelda með viðskiptapvingunum á Rússland eru líkleg til að hafa áhrif sem munu enduróma í efnahagsumhverfi heimsins til lengri tíma.

Taumhald Seðlabanka Íslands hefur verið sögulega lágt síðastliðin tvö ár en bankinn hefur þegar tekið ákveðin skref til að snúa þeirri þróun við. Útlit er fyrir hærri verðbólgu yfir

lengri tíma en áður var talið, bæði vegna innfluttrar verðbólgu og hækkanði húsnæðisverðs og annarra innlendra þátta.

Þá var kátt í kauphöllinni

Nýskráningar fyrirtækja á markað og sögulega lágt raunvaxtastig á Íslandi hafa stuðlað að verulega auknum áhuga almennra fjárfesta á hlutabréfum. Það er fagnaðarefni og eykur dýpt markaðarins og virkni. Afkoma félaga í kauphöllinni var með ágætum á árinu og endurkaup eigin hlutabréfa félaga umfangsmikil. Þrátt fyrir hraða hækkan þá eru greiningaraðilar heilt yfir jákvæðir á markaðinn og telja verðlagningu hans síst of háa ef ekki verða frekari stóráföll í ytra umhverfinu.

Innlendir verðbréfamarkaðir

Ávöxtun á innlendum verðbréfamörkuðum var góð á árinu og risu skráð hlutabréf hæst eignaflokka. Ávöxtun langra verðtryggðra skuldabréfa var einnig góð og skýrist af versnandi verðbólguhorfum sem höfðu aftur neikvæð áhrif á ávöxtun óverðtryggðra ríkisskuldabréfa.



Efnisyfirlit

- I. Um Almenna lífeyrissjóðinn
- II. Söguleg ávöxtun
- III. Efnahagshorfur, vænt ávöxtun og framreikningur
- IV. Fjárfestingarstefna 2022
- V. Viðmið

Viðauki: Fjárfestingarstefnur ávöxtunarleiða

Fylgiskjal 1: Stefna Almenna lífeyrissjóðsins um ábyrgar fjárfestingar

Fylgiskjal 2: Eigendastefna Almenna lífeyrissjóðsins

Fylgiskjal 3: Reglur um lán til sjóðfélaga

Fylgiskjal 4: Útdráttur úr Eftirlitskerfi með áhættu

Ítarleg stefna

Fjárfestingarstefna Almenna lífeyrissjóðsins er aðgengileg fyrir sjóðfélaga á vefsíðu sjóðsins, www.almenni.is.



Fjárfestingarstefna 2022

Stjórn Almenna lífeyrissjóðsins samþykkti í nóvember fjárfestingarstefnu fyrir árið 2022. Í henni eru upplýsingar um uppbyggingu Almenna lífeyrissjóðsins og er fjallað um samtryggingarsjóð og ávöxtunarleiðir séreignarsjóðs. Farið er yfir sögulega ávöxtun verðbréfa og samspil ávöxtunar og áhættu. Í framhaldi af þeirri umfjöllun er sett fram fjárfestingarstefna fyrir allar ávöxtunarleiðir og fjárfestingarheimildir. Sérstakur kafli er um viðmið við kaup á verðbréfum og einnig fylgja reglur um lán til sjóðfélaga, stefna Almenna um ábyrgar fjárfestingar, eigendastefna Almenna og útdráttur úr Eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóðsins.

Helstu breytingar frá fyrri stefnu

- Breytingar eru gerðar á fjárfestingarstefnu **Ævisafns II** og **Samtryggingarsjóðs** á milli ára. Vægi hlutabréfa í stefnu safnanna er aukið úr 50% í 55% og á móti er vægi skuldbréfa í stefnu lækkað úr 50% í 45%. Vægi erlendra hlutabréfa safnanna er hækkað úr 40% í 43% og vægi innlendra hlutabréfa er hækkað úr 10% í 12%. Með þessari breytingu er stefnt að hærri langtímaávöxtun safnanna í því lágvaxtaumhverfi sem nú ríkir, bæði innanlands og erlendis.
- Breytingar eru gerðar á nafni og markmiði um meðaltíma skuldabréfa í Ríkissafni löngu. Safnið heitir nú Ríkissafn og er áætlaður meðaltími skuldabréfa í safninu nú 3–8 ár, en var 4–13 ár í Ríkissafni löngu. Stefnt var að lokun á Ríkissafni stuttu í upphafi árs 2022 og var því lokað í febrúar.

- Tiltölulega litlar breytingar eru gerðar á fjárfestingarstefnu annarra ávöxtunarleiða á milli ára. Þó hefur víkmörkum einstakra eignaflokka í stefnu blandaðra safna verið hnikað til.
- Stefna Almenna lífeyrissjóðsins um ábyrgar fjárfestingar er staðfest sérstaklega af stjórn og er fylgiskjal með fjárfestingarstefnu. Áherslubreytingar eru gerðar á stefnunni á milli ára, m.a. til að skýra betur með hvað hætti stefnunni er framfylgt. Stefna um ábyrgar fjárfestingar og eigendastefna marka siðferðisleg viðmið Almenna lífeyrissjóðsins í fjárfestingum.



Eignir og fjárfestingarstefna

Hér til hliðar er samanburður á fjárfestingarstefnu og eignum tveggja stærstu safna Almenna, samtryggingarsjóðs og Ævisafns II. Nánari upplýsingar eru á vefsíðu sjóðsins, www.almenni.is.

* Sérhæfðir sjóðir eru taldir með þeim eignaflokkum sem við á m.v. undirliggjandi eignir þeirra.

Undirvigt á erlendum hlutabréfum

Vægi erlendra hlutabréfa í Ævisafni II, Ævisafni III og í samtryggingarsjóði er minna en stefnt er að í fjárfestingarstefnu safnanna. Samkvæmt stefnu eru erlend hlutabréf stærsti hlutinn af hlutabréfum sjóðsins þar sem ekki er hægt að ná fullnægjandi áhættudreifingu á innlendum hlutabréfamarkaði vegna smæðar markaðar. Vægi hlutabréfa var aukið í fjárfestingarstefnu Ævisafns II og samtryggingarsjóðs við endurskoðun fjárfestingarstefnunnar haustið 2021 og hjá Ævisafns III við endurskoðun fjárfestingarstefnunnar haustið 2020. Stefna sjóðsins er að auka erlendar fjárfestingar og gert er ráð fyrir að séreignarsöfnin nái stefnu um erlendar eignir í lok þessa árs en samtryggingarsjóður á næstu 3–4 árum.

Erlend verðbréf auka áhættudreifingu

Með því að fjárfesta í erlendum verðbréfum dreifist áhættan á fleiri hagkerfi en það íslenska sem er bæði smátt og einsleitt. Ævisafn I hefur náð langtímastefnu um vægi erlendra eigna


Val um ávöxtunarleið í séreign

Iðgjöld í séreignarsjóð eru greidd í ávöxtunarleið samkvæmt vali sjóðfélaga. Sjóðfélagar geta hvenær sem er skipt um ávöxtunarleið og valið þá leið sem hentar þeim best. Ráðgjafar sjóðsins eru tilbúnir að veita nánari upplýsingar og aðstoða við val á ávöxtunarleið. Hægt er að velja á milli þriggja ávöxtunarleiða sem fjárfesta í hlutabréfum,

skuldabréfum og innlánum (ævisöfn), Ríkisskuldabréfasafns, Innlánasafns og Húsnæðissafns (fjárfestir í skuldabréfum og innlánum).

Söfn með góðri eignadreifingu

Ráðgjöf Almenna lífeyrissjóðsins er að blönduð og vel dreifð verðbréfasöfn séu góður kostur fyrir lífeyrissparnað, veiti góða áhættudreifingu og skili bestu ávöxtuninni til lengri tíma. Mikilvægt er að dreifa fjárfestingum á milli innlána, skuldabréfa og hlutabréfa og einnig á milli ólíkra landa og hagkerfa.



Stærsti eignaflokkurinn

Innlend skuldabréf eru stærsti eignaflokkurinn í ávöxtunarleiðum lífeyrissjóðsins. Vægi ríkisskuldabréfa minnkaði árið 2021 en vægi sértryggðra skuldabréfa og skuldabréfa fyrirtækja jókst á móti.

Innlend skuldabréf

Skuldabréfin eru annars vegar markaðsskuldabréf sem alla jafna bera fasta vexti og hins vegar sjóðfélagalán sem eru ýmist með föstum eða breytilegum vöxtum. Verðtryggingarhlutfall skuldabréfa í Ævisafni I, II og samtryggingarsjóði er hátt eða um 79%–81%. Verðtryggingarhlutfall skuldabréfa í Ævisafni III er um 68% en safnið fjárfestir jafnframt í verðtryggðum innlánnum. Verðtryggingarhlutfall skuldabréfa í Ríkissafni er um 87% og í Húsnæðissafni um 59%.

Breytt samsetning skuldabréfa

Ávöxtunarkrafa verðtryggðra skuldabréfa hefur lækkað að verulega undanfarin misseri og til að hækka meðalraunávöxtun skuldabréfa í blönduðu söfnunum hefur verið dregið úr vægi ríkisskuldabréfa og aukið vægi sértryggðra skuldabréfa og skuldabréfa fyrirtækja. Ríkisskuldabréf mynda enn góðan grunn í söfnunum og vega um 37% af skuldabréfaeign Ævisafns I, II og samtryggingarsjóðs en um 24% af skuldabréfaeign í Ævisafni III.

Lán til sjóðfélaga

Í upphafi árs 2021 voru stýrivextir 0,75%. Seðlabanki Íslands hóf vaxtahækkunarferli sitt í maí og hækkaði vexti í fjórgang á árinu. Í nóvember voru stýrivextir komnir upp í 2%. Með hækkandi stýrivöxtum jókst aftur eftirspurn eftir sjóðfélagalánum eftir miklar uppgreiðslur misserin þar á undan vegna endurfjármögnunar hjá bönkunum. Það varð því viðsnúningur um mitt ár og voru nýlánveitingar orðnar meiri en uppgreiðslur undir lok árs. Almenni hefur lagt metnað í að bjóða sjóðfélögum hagstæð lán hjá sjóðnum en á móti fær sjóðurinn stöðuga ávöxtun. Einstaklingar eru almennt góðir greiðendur og sjóðurinn fer fram á fasteignaveð til tryggingar greiðslu.

Binditími skuldabréfa


Meðaltími skuldabréfa segir til um hversu lengi höfuðstóll er bundinn að jafnaði og er vísbending um verðnæmni skuldabréfa ef markaðsvextir breytast. Þannig er hægt að áætla verðbreytingu skuldabréfs með því að margfalda

vaxtabreytingu með meðaltíma þess. Sem dæmi má nefna að skuldabréf með 10 ára meðaltíma hækka um 10% í verði ef vextir lækka um eitt prósentustig og öfugt.

Þar sem markaðsvextir hafa lækkað á undanförunum misserum hefur meðaltími markaðsskuldabréfa verið stytur til að draga úr markaðsáhættu. Sjóðfélagalán taka ekki hefðbundnum markaðssveiflum þar sem þau eru gerð upp m.v. vaxtakjör bréfanna (uppgreiðsluverðmæti) og mynda því ákveðinn stöðugleika í blönduðu skuldabréfasafni.

Meðalávöxtun er vísbending um framtíðarávöxtun

Meðalávöxtun segir til um meðalávöxtunarkröfu skuldabréfa og er vísbending um hvaða ávöxtun söfnin geta gefið í framtíðinni ef markaðsvextir haldast óbreyttir. Meðalávöxtun í ævisöfnum og samtryggingarsjóði hefur lækkað þar sem ávöxtunarkrafa verðtryggðra markaðsskuldabréfa hefur lækkað verulega undanfarin misseri.



Áhættudreifing

Myndin sýnir vægi 10 stærstu félaga í innlenda hlutafjár safni Almenna. Samtals veiga 10 stærstu eignirnar 71%, næstu 10 veiga 22% og minni eignir 7%. Marel vigtar þungt í safninu en er þó nokkuð undirvigtað miðað við vægi félagsins meðal skráðra félaga á Nasdaq OMX Iceland.

Innlend hlutabréf

Hlutabréfaeignir Almenna skiluðu 40,4% heildarávöxtun yfir árið 2021. Skráðar hlutabréfaeignir, sem veiga um 80% safnsins, skiluðu 43,4% heildarávöxtun. Ávöxtun safnsins í heild var mjög góð. Heildarávöxtun vísitölu aðallista (OMXIGI) var 42,1% en úrvals vísitölunnar 34,6%.

Helstu breytingar 2021

Árið var líflegt á hlutabréfamarkaði. Hlutabréf Íslandsbanka og Síldarvinnslunnar voru skráð á aðallista Nasdaq Iceland og Play og Solid Clouds á First North markaðinn. Samtals voru hlutabréf í félögunum seld fyrir ríflega 90 ma.kr. í tengslum við nýskráningu þeirra. Félögum á markaði fækkaði hins vegar um eitt við sameiningu Kviku banka og TM. Á aðallista Nasdaq Iceland eru nú skráð 20 hlutafélög og 6 skráð á First

North markaðinn. Velta í skráðum viðskiptum jókst um 74% frá fyrra ári og fjöldi viðskipta jókst um 73% sem er til marks um aukna hlutdeild minni fjárfesta á markaði.


Fjárfest var í innlendum hlutabréfum fyrir 6 milljarða á árinu 2021, þar af um ¾ hlutar í skráðum félögum. Yfir árið fjárfesti Almenni fyrir 4,3 m.kr. umfram sölu og arðgreiðslur.

Aukin vigt í blönduðum söfnum

Á árinu var vægi innlendra hlutabréfa í fjárfestingastefnu Ævisafns I aukið úr 12% í 15% og í Ævisafni II og samtryggingarsjóði aukið úr 10% í 12%. Hlutafjáreignir Almenna námu alls 43,8 milljörðum í árslok. Viggt eignarflokksins hækkaði nokkuð yfir árið og endaði árið 10% yfir vigt í fjárfestingastefnu safna.

Áhættudreifing

Við stýringu innlendra hlutafjáreigna er lögð áhersla á áhættudreifingu. Við stýringuna er horft til undirliggjandi áhættu af rekstri eða eignum hlutafjáreigna og reynt að dreifa henni á útgefendur, atvinnugreinar og markaðssvæði. Með þessu er verið að leitast við að lágmarka sértæka áhættu. Þegar horft er í gegnum eignarhald á sjóðum og félögum átti Almenni eignarhluti í 62 íslenskum fyrirtækjum.



Sundurliðun eigna

Myndin sýnir sundurliðun á undirliggjandi áhættu á atvinnugreinar í innlendu hlutabréfasafni Almenna lífeyrissjóðsins. Horft er í gegnum sjóði.

Haltu mér – slepptu mér

Árið 2021 var eftirá að stórum hluta séð líkt og leiðinlegur millikafli í sögu heimsfaraldurs covid19. Biðin eftir bólusetningu var strembin fyrir óþolinmóða en vel gekk að bólusetja íbúa landsins þegar bóluefnin tóku að berast. Á heimsvísu gekk misvel að bólusetja, bæði var vilji til að þiggja bólusetningu ólíkur og svo var dreifing bóluefnanna um heiminn ójöfn. Veiran gaf þó lítið eftir og erfiðlega gekk að afnema sóttvarnaaðgerðir. Nýtt afbrigði veirunnar kom fram á síðasta ársfjórðungi ársins sem hægt og rólega hefur komið í ljós að sé mun meira smitandi en veldur minni veikindum en fyrri afbrigði. Fullt afnám sóttvarnaaðgerða er orðið að veruleika á fyrsta ársfjórðungi ársins 2022 og standa vonir til þess að tímabil heimsfaraldursins sé þar með að baki. Um sama leyti hófst árás Rússa á Úkraínu og stríð milli þessara nágrannabjóða braust út. Viðbrögð vesturveldanna hafa verið samhent í því að setja viðskiptabann á Rússland og herða að viðskiptalegum hagmunum þeirra en ekki með beinni íhlutun

í átökin. Áhrifanna af þessum stríðsrekstri mun gæta um allan heim, meðal annars vegna hækkandi olíu- og hrávöruverðs og verða áhrifin á hinar stríðandi þjóðir langvarandi.

Ríkissjóður Íslands og Seðlabankinn lögðust á eitt að dempa neikvæð efnahagsleg áhrif faraldursins. Seðlabankinn hélt meginvöxtum sínum í 0,75% fram til maí 2021 en þá voru raunstyrivextir neikvæðir um 3,7%. Frá þeim tímapunkti hafa meginvextir bankans verið hækkaðir í 5 skrefum í 2,75% en vegna hratt hækkandi verðbólgu mælast raunstyrivextir enn neikvæðir um 3,2%. Verðbólguþrýstingur virðist enn vaxandi vegna ástandsins á heimsmarkaði og hækkandi fasteignaverðs innanlands. Áhugavert verður að fylgjast með baráttu Seðlabankans við verðbólguna þegar stór hluti heimila hefur skuldbreytt skuldum sínum í óverðtryggðar krónur.


Horfur að dafna og dofna á óvissum tímum

Horfur fyrir árið 2022 eru jákvæðar og er reiknað með myndarlegum hagvexti á Íslandi og í helstu viðskiptalöndum


okkar. Vonir standa til þess að fjöldi ferðamanna taki nú að vaxa og leita nýs jafnvægis. Efnahagsleg staða íslenska ríkisins, bankanna og heimila er sterk og viðnámsþrótturinn mikill. Hins vegar hefur áhættan í heimshagkerfinu vaxið hratt, hrávöruverð hefur hækkað mikið, ýmis framleiðsluferli og flutningskerfi eru enn í ójafnvægi, orkuverð hefur hækkað sem og launakostnaður auk þess sem ný afbrigði kórónaveirunnar gætu átt eftir að trufla.

Horfur í rekstri innlendra fyrirtækja


Að óbreyttu eru forsendur til þess að rekstur innlendra ferðaþjónustu taki við sér að nýju og við taki tímabil uppbyggingar eftir faraldurinn. Íslenskt efnahagslíf mun styrkjast með endurkomu ferðamanna og mun það styðja við rekstur innlendra félaga.




Ævisafn I




Ævisafn II



Ævisafn III



Samtryggingarsjóður



Hlutfall erlendra eigna í ávöxtunarleiðum

Hlutfall erlendra eigna í ávöxtunarleiðum hækkar á milli ára og voru séreignarleiðir nálægt stefnu safnanna um áramót. Kökuritin hér til hliðar sýna skiptingu eigna í innlendar og erlendar eignir. Dökki hlutinn eru erlendar eignir og þar kemur jafnframt fram hlutfallslegt vægi þeirra í ávöxtunarleiðum.

Áfram vöxtur erlendra eigna

Erlendar eignir Almenna lífeyrissjóðsins voru tæplega 145 milljarðar króna í árslok 2021 og hækkuðu um rúma 33 milljarða króna á árinu, að hluta til vegna verðhækkana á markaði. Erlendar fjárfestingar á árinu 2021 voru nettó um 8,8 milljarðar króna. Fjárfestingar skiptast í skráð hlutabréf, sérhæfða sjóði, ríkisskuldabréf, skammtímasjóð og gjald-eyrisreikninga. Stærsti eignaflokkurinn eru skráð hlutabréf. Talsverðar hækkanir hafa verið á flestum erlendum hlutabréfavisitölum undanfarin ár. Heimsvísitala erlendra hlutabréfa MSCI hækkaði um 21,8% í USD á árinu 2021 og hefur hækkað að jafnaði um 10,1% í USD á ári síðastliðin tíu ár. Heimsvísitalan hækkaði meira á árinu 2021 mælt í íslenskum krónum, eða um 24,9% þar sem íslenska krónan veiktist gagnvart USD.

Hlutabréf stærsti eignaflokkurinn


Skráð hlutabréf vega tæplega 80% af erlendum eignum. Til að ná sem bestri áhættudreifingu notar Almenni lífeyrissjóðurinn erlenda verðbréfasjóði við fjárfestingar í hlutabréfum. Við val á sjóðum er horft til ýmissa atriða eins og árangurs, kostnaðar, aðferða og stöðugleika í rekstri. Áhersla er lögð á fjárfestingar í sjóðum þar sem áhættudreifing er mikil og kostnaður lágur.

Erlend skuldabréf auka áhættudreifingu

Í árslok 2021 vógu erlend skuldabréf um 9,5% af erlendum eignum lífeyrissjóðsins. Hluti skuldabréfanna er í skammtímasjóði og hluti í sérhæfðum fyrirtækjalánasjóðum. Skuldabréfin eru mikilvæg til að auka áhættudreifingu í eignasöfnum lífeyrissjóðsins. Með fjárfestingu í skammtímasjóðum er jafnframt hægt að dreifa hlutabréfafjárfestingum yfir lengra tímabil.

Sérhæfðir sjóðir jafna sveiflur í ávöxtun

Sérhæfðir sjóðir vógu í heildina tæp 13% af erlendum eignum í árslok 2021. Sérhæfðir sjóðir fjárfesta t.d. í óskráðum hlutabréfum, lánasamningum og innviðum. Stefnt er að því að auka fjárfestingar í sérhæfðum sjóðum og stefnan er að sjóðir sem fjárfesta í óskráðum hlutabréfum vegi um 4–9% af blönduðum söfnum, þ.e. ævisöfnum og samtryggingarsjóði. Því til viðbótar er stefnt að því að fjárfesta um 3–6% af blönduðum söfnum í sjóðum sem fjárfesta í öðrum eignum, t.d. fyrirtækjalánum. Sérhæfðir sjóðir geta jafnað sveiflur í ávöxtun yfir ákveðin tímabil. Verðmæti sérhæfðra sjóða sem fjárfesta í óskráðum hlutabréfum sveiflast t.d. gjarnan með öðrum hætti en verðmæti skráðra hlutabréfa og eru sjóðirnir því mikilvægir til að jafna sveiflur. Slíkir sjóðir hafa jafnframt skilað ágætri ávöxtun undanfarin ár og er markmið þeirra að skila ávöxtun umfram skráð bréf á markaði.



Eignir

Hlutabréfasjóðir	ma.kr.
iShares Developed World ESG Screened Index Fund	27,9
iShares Developed World Index Fund	26,3
Vanguard Global Stock Index Fund	21,3
Vanguard ESG Developed All Cap Equity Index Fund	21,2
T.Rowe Price Global Focused Growth Equity Fund	10,0
GuardCap Global Equity Fund	8,6
	115,5

Áhættudreifing

Áhersla er lögð á að dreifa áhættu í fjárfestingum á erlendum mörkuðum. Til að ná sem mestri áhættudreifingu notar lífeyrissjóðurinn erlenda verðbréfasjóði við fjárfestingar og í erlendum hlutabréfafjárfestingum er hlutfall vísitölusjóða jafnframt hátt eða um 74%.

Sjálfbærni

Sífelld meiri áhersla er lögð á sjálfbærni og samfélagsábyrgð í erlendum hlutabréfafjárfestingum í samræmi við stefnu sjóðsins. Lífeyrissjóðurinn hefur tekið markviss skref m.a. til að auka umhverfissjálfbærni í erlendu hlutabréfasafni sjóðsins og dregið þannig úr kolefnisspori fjárfestinga.

Erlend hlutabréf

Erlend skráð hlutabréf eru að jafnaði keypt með milligöngu verðbréfasjóða (UCITS) og óskráð erlend hlutabréf eru að jafnaði keypt með milligöngu sérhæfðra sjóða. Stefnt er að því að um 70% af erlendra hlutabréfaeign séu markaðs-sjóðir (index funds) sem fjárfesta í sömu hlutföllum og hlutabréf vega á markaði. Stefnt er að því að um 15% af erlendra hlutabréfaeign séu virkir sjóðir, þ.e. sjóðir sem velja verðbréf með það að markmiði að ná hærri ávöxtun en viðmiðunarvísitala. Jafnframt er stefnt að því að um 15% af erlendra hlutabréfaeign sé í sérhæfðum sjóðum

sem fjárfesta í óskráðum hlutafélögum (private equity) og í innviðasjóðum (infrastructure).

Áhættudreifing í safni en aukin samþjöppun á markaði

Mikil áhættudreifing einkennir erlenda hlutabréfasafnið og hlutfall vísitölusjóða er hátt. Erlenda safnið á hlutdeild í tæplega 5.000 fyrirtækjum í 53 löndum sem skilar sér inn í þær ávöxtunarleiðir sem fjárfesta í hlutabréfum. Aukin samþjöppun á skráðum hlutabréfamarkaði og vöxtur upplýsingatæknifyrirtækja undanfarin ár hefur hinsvegar leitt til þess að áhætta á einstök fyrirtæki í dreifðum sjóðum, t.d. vísitölusjóðum, hefur aukist. Þannig vega 100 stærstu fyrirtækin nú um 46% í heimsvísitölu hlutabréfa MSCI og fimm stærstu tæknifyrirtækin vega um 15% í heimsvísitölu hlutabréfa MSCI og hefur vægi þeirra meira en tvöfaldast á undanföllum fimm árum. Þá vegur stærsta fyrirtækið, Apple tæp 5% í heimsvísitölu hlutabréfa MSCI og hefur vægið tæplega tvöfaldast á sl. tveimur árum.

Landaskipting og atvinnugreinar

Sjóðurinn stefnir að því að landaskipting og atvinnugreina-skipting erlendra hlutabréfa sé sambærileg og í heimsvísitölu hlutabréfa, MSCI. Þessi hlutföll geta þó orðið eitthvað frábrugðin heimsvísitölunni vegna virkra hlutabréfasjóða sem velja einstök fyrirtæki.

Vægi erlendra eigna í söfnum

Vægi erlendra eigna í séreignarsöfnum, þ.e. Ævisafni I, II og III, eru nálægt stefnu safnanna en vægi erlendra eigna í samtryggingarsjóði er nokkuð lægra en fjárfestingarstefna gerir ráð fyrir. Áfram er stefnt að því að auka erlendar fjárfestingar og gert er ráð fyrir að samtryggingarsjóður nái stefnu á næstu 3–4 árum.

Tíu stærstu útgefendur skuldabréfa

Útgefendur skuldabréfa	Samtr- sjóður	Ævisafn I	Ævisafn II	Ævisafn III
Ísland - ríkisskuldabréf	16,3%	7,9%	14,1%	10,8%
Sjóðfélagalán	12,2%	4,6%	8,1%	15,5%
Reykjavíkurborg	1,9%	0,8%	1,5%	
Lánasjóður sveitarfélaga ohf.	1,7%	0,7%	1,3%	
Landsbankinn hf.	1,5%	1,0%	1,8%	3,8%
Íslandsbanki hf.	1,4%	0,9%	1,7%	3,1%
Eik fasteignafélag hf.	1,3%	0,8%	1,4%	2,0%
Reitir fasteignafélag hf.	1,3%	0,8%	1,5%	2,8%
Arion banki hf.	1,2%	0,7%	1,2%	1,7%
Reginn hf.	1,1%	0,5%	1,0%	0,8%
IS Lausafjársefn				1,9%
Íþaka fasteignir				0,6%
Samtals vægi	39,9%	18,8%	33,5%	43,0%
Heildarstærð í milljörðum króna	174,4	43,2	86,7	34,0

Nánari upplýsingar

Upplýsingar um stærstu skuldara í hverri ávöxtunarleidd eru birtar mánaðarlega á heimasíðu sjóðsins. Þar er jafnframt að finna nánari upplýsingar um útgefendur á síðu hverrar ávöxtunarleiddar.

Ólíkt vægi skuldabréfa

Ríkisskuldabréf og veðtryggð sjóðfélagalán vega þýngst. Samanlagt vega 10 stærstu útgefendur skuldabréfa misþungt í söfnum sem fjárfesta bæði í skuldabréfum og hlutabréfum eða frá tæpum 19% upp 43% af eignum.

Lánshæfismat og viðmiðanir

Við kaup á skuldabréfum er m.a. horft til fjárhagslegs styrkleika útgefenda. Við kaup á erlendum skuldabréfum útgefenda með opinbert lánshæfismat skal miðað við að útgefandi hafi a.m.k. lánshæfismat eins og fram kemur í fjárfestingarstefnu sjóðsins. Við kaup á skuldabréfum sem hafa ekki lánshæfismat skulu sjóðstjórar yfirfara atriði sem talin eru upp í V. kafla fjárfestingarstefnunnar og meta hvort útgefendur uppfylli skilyrði um traustan efnahag og góða rekstrarafkomu. Almennt er mati á útgefanda skipt upp í eðlislæga og mælanlega þætti útgefanda og útgáfunnar. Eðlislægir þættir eru t.d. atvinnugrein, lagaumhverfi og skilmálar útgáfu. Þeir mælanlegu þættir sem horft er til eru fjármagnsskipan, greiðslugeta og arðsemi.

Skilmálar til að tryggja endurgreiðslu

Sjóðurinn fer fram á að óveðtryggð skuldabréf innihaldi skilmála til að tryggja endurgreiðslu bréfanna. Skilmálarnir fjalla um upplýsingaskyldu, eiginfjárvöð, breytingar á grundvallarrekstrarþáttum, breytingar á eignarhaldi, um sölu eigna, um skuldsetningu, um veðsetningu eigna, um vanskil annarra skuldbindinga, um rétt kröfuhafa, vaxtaþekju og fleira.

Stærstu útgefendur

Ríkissjóður er stærsti útgefandi skuldabréfa í blönduðu söfnunum, sem fjárfesta bæði í skuldabréfum og hlutabréfum. Vægi skuldabréfa með ríkisábyrgð og sjóðfélagalána hefur farið lækkandi á árinu 2021 frá fyrra ári. Á móti hefur vægi sértryggðra skuldabréfa og skuldabréfa fyrirtækja aukist. Vægi skuldabréfa minnkaði á árinu 2021 en á móti jókst vægi hlutabréfa og erlendra eigna. Bakvið sjóðfélagalánin eru um 1.460 greiðendur. Ef sjóðfélagalán eru talin sem einn útgefandi

eru samtals um 323 útgefendur í skuldabréfasöfnum. Vægi útgefenda er nokkuð breytilegt milli safna en það ræðst m.a. af markmiði um sparnaðartíma og vægi erlendra verðbréfa. Í Ævisafni III er um 16,4% eigna ávaxtað á innlánsreikningum hjá Íslandsbanka (7,3%), Landsbankanum (5,4%) og Arion banka (3,7%).

Önnur söfn

Eins og nöfn safnanna gefa til kynna er ríkissjóður eini útgefandi skuldabréfa í ríkissöfnunum en söfnin hafa einnig heimild til að hafa hluta eigna í innlánum. Innlánasafnið ávaxtar eignir sínar á innlánsreikningum hjá Íslandsbanka (28%), Arion banka (35%), Landsbankanum (31%) og Kviku banka (6%). Inneignir sjóðfélaga í Innlánasafninu falla undir ákvæði laga nr. 98/1999 um innstæðutryggingar. Húsnæðissafnið er ekki stórt í samanburði við hin söfnin en það er um 492 m.kr. að stærð og vega sjóðfélagalánin rúm 82%, innlán rúm 8% og ríkisbréf rúm 9%.

Tíu stærstu útgefendur hlutabréfa

Útgefendur hlutabréfa	Samtr- sjóður	Ævisafn I	Ævisafn II	Ævisafn III
 Marel hf.	2,3%	2,7%	2,3%	1,2%
 Apple Inc.	1,3%	2,2%	1,6%	0,9%
 Arion banki hf.	1,3%	1,5%	1,3%	0,7%
 Microsoft Corp.	1,2%	1,9%	1,4%	0,8%
 Festi hf.	1,0%	1,2%	1,0%	0,6%
 Eik hf.	1,0%	1,2%	1,0%	0,6%
 Alphabet Inc.	1,0%	1,6%	1,2%	0,6%
 Amazon.com Inc.	0,8%	1,3%	0,9%	0,5%
 Kvika banki hf.	0,8%	0,9%	0,8%	0,4%
 Síldarvinnslan hf.	0,7%	0,9%	0,7%	0,4%
Samtals vægi	11,4%	15,3%	12,1%	6,7%
Heildarstærð í milljörðum króna	174,4	43,2	86,7	34,0

Nánari upplýsingar

Upplýsingar um stærstu hlutabréfaeignir ávöxtunarleiða eru birtar mánaðarlega á heimasíðu sjóðsins. Þar er jafnframt að finna upplýsingar um alla útgefendur á síðu hverrar ávöxtunarleiðar.

Vaxandi hlutabréfasafn

Vægi hlutabréfa í ávöxtunarleiðum Almenna hefur farið vaxandi á árinu 2021. Einstakir útgefendur vega lítið. Tíu stærstu útgefendur hlutabréfa vega mest 15,3% í Ævisafni I en minnst er vægi þeirra 6,7% í Ævisafni III.

Hlutabréf

Sagan segir að hlutabréf skili hæstu ávöxtuninni á löngum tíma og að ávöxtun þeirra sveiflist mest. Hlutabréf eru aftast í kröfuröðinni og því er tapsáhætta þeirra einnig mest. Þess vegna skiptir áhættudreifing öllu máli þegar fjárfest er í hlutabréfum. Þar sem innlendur hlutabréfamarkaður er tiltölulega lítill og með fáum útgefendum vega erlend hlutabréf þyngra en innlend í fjárfestingarstefnu sjóðsins. Samkvæmt fjárfestingarstefnunni fyrir samtryggingarsjóð er stefnt að því að erlend hlutabréf ásamt sérhæfðum sjóðum vegi 20% til 60% og innlend hlutabréf ásamt sérhæfðum sjóðum 4% til 18% af eignum sjóðsins. Þessi hlutföll eru mismunandi eftir stefnum hverrar ávöxtunarleiðar fyrir sig. T.a.m. er Ævisafn III með lægsta hlutfall erlendra hlutabréfa í stefnu sinn á meðan það er hvað hæst í Ævisafni I.

Erlend hlutabréf

Erlend hlutabréf eru keypt með milligöngu verðbréfasjóða (UCITS). Við greiningu hlutabréfaeignar Almenna í einstökum erlendum hlutafélögum er horft í gegnum verðbréfasjóði sem sjóðurinn á hlutdeild í.

Innlend hlutabréf

Uppbygging innlenda hlutabréfasafnsins fer að meirihluta fram með fjárfestingum í skráðum hlutafélögum og framtakssjóðum. Stefnt er að því að byggja upp safn fyrirtækja sem hafa sterkan tekjugrunn, traustan efnahag og geta skilað góðri ávöxtun til framtíðar. Hlutabréfasafninu er stýrt með virkri stýringu og beita sjóðstjórar faglega viðurkenndum aðferðum við verðmat og áhættugreiningu.

Stærstu útgefendur

Í árslok 2021 voru um 4.886 útgefendur í hlutabréfasöfnum sjóðsins. Vegna fjölda útgefenda er vægi einstakra útgefenda tiltölulega lítið og því vega 10 stærstu útgefendur hlutabréfa mun minna en vægi stærstu útgefenda skuldbréfa. Stærstu innlendu útgefendur hlutabréfa í eigu sjóðsins eru Marel, Arion banki, Festi, Eik fasteignafélag, Kvika banki og Síldarvinnslan. Stærstu erlendu útgefendurnir eru bandarísku tæknirisarnir Apple, Microsoft, Alphabet (Google) og Amazon.

A dramatic landscape photograph featuring the silhouettes of five riders on horses as they traverse a grassy hill. The riders are positioned in a line, moving from left to right across the frame. The background is a vast, expansive sky filled with large, billowing clouds that are illuminated from below by a low sun, creating a warm, golden-orange glow. The foreground shows the dark, textured surface of the hillside. The overall mood is serene and majestic.

Ársreikningur

Almenna lífeyrissjóðsins 2021

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga, lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyris-sjóða og reglur Fjármálaeftirlitsins um ársreikninga lífeyris-sjóða. Sjóðurinn metur öll markaðsverðbréf á markaðsverði en veðskuldabréf eru metin á nafnverði að viðbættum áföllnum vöxtum og verðbótum að frádreginni virðisrýrnun.

Leiðrétting á ársreikningi 2020

Ársreikningur Almenna lífeyrissjóðsins fyrir árið 2020 var staðfestur af stjórn 10. mars 2021 og samþykktur á ársfundi sjóðsins þann 27. maí. Í júní komu í ljós mistök við útreikning á tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins. Eftir samskipti við Fjármálaeftirlitið var ársreikningur sjóðsins fyrir árið 2020 tekinn upp og leiðréttingu hækkuðu reiknaðar framtíðarskuldbindingar um 2.257 milljónir króna sem leiddi til þess að heildarstaða sjóðsins breyttist úr -0,6% í -1,6% af skuldbindingum. Leiðrétting ársreikningur var undirritaður af stjórn og framkvæmdastjóra og áritaður af endurskoðanda. Nýr ársreikningur var birtur á heimasíðu sjóðsins ásamt frétt þar sem sagt var frá breytingum.

Eignir og fjöldi sjóðfélaga

Í árslok 2021 nam hrein eign til greiðslu lífeyris 367 milljörðum króna og stækkaði sjóðurinn um 57 milljarða eða um 19% á árinu. Sjóðfélagar í árslok voru 54.897 og fjölgaði þeim um 5,2% milli ára. Hrein eign til greiðslu lífeyris í séreignarsjóði var 192 milljarðar og í samtryggingarsjóði 175 milljarðar.

Iðgjöld

Greidd iðgjöld til sjóðsins árið 2021 voru samtals 18,9 milljarðar sem er 12% hækkun frá árinu áður. Iðgjöldin skiptust þannig að lágmarksíðgjöld voru 14 milljarðar og viðbótariðgjöld 4,8 milljarðar. Á árinu greiddu 11.019 sjóðfélagar að meðaltali til samtryggingarsjóðs á móti 10.664 árið áður sem er 3,3% fjölgun milli ára. Iðgjöld í

samtryggingarsjóð námu alls 7,5 milljörðum sem er 13,6% hækkun milli ára. Á árinu greiddu 6.709 sjóðfélagar að meðaltali viðbótarsparnað til séreignarsjóðs á móti 6.740 árið áður sem er 0,4% fækkun milli ára. Iðgjöld í séreignarsjóð voru 11,4 milljarðar sem er 10,7% hækkun frá árinu áður.

Lífeyrir

Lífeyrisgreiðslur samtryggingarsjóðs voru alls 3,1 milljarðar árið 2021 sem er 12,8% hækkun frá árinu áður. Heildarfjöldi lífeyrisþega var 2.507. Lífeyrisgreiðslur séreignarsjóðs námu alls 5,3 milljörðum sem er óbreytt fjárhæð frá árinu áður. Á árinu var greiddur 1,1 milljarður í aukagreiðslu vegna tímabundinnar opunar séreignarsparnaðar vegna heimsfaraldurs til 665 sjóðfélaga, 1,0 milljarður inn á húsnæðislán til 2.781 sjóðfélaga og 104 milljónir vegna kaupa á fyrstu íbúð fyrir 85 sjóðfélaga samkvæmt úrræði ríkisstjórnarinnar sem heimilar sjóðfélögum að greiða tíma-bundið inn á höfuðstól húsnæðislána og verja uppsöfnuðu iðgjaldi til kaupa á fyrstu íbúð á tíu ára tímabili.

Sjóðfélagalán

Sjóðurinn lánaði sjóðfélögum 11,6 milljarða með veði í fasteignum en árið 2020 voru veitt ný lán fyrir 14,3 milljarða. Á árinu voru greidd upp eldri lán fyrir 10 milljarða þannig að nettó lánveitingar námu 1,6 milljörðum.

Verðbréfaeign og ávöxtun

Lífeyrissjóðurinn fjárfesti í verðbréfum fyrir 59,3 milljarða á árinu 2021 og eru upplýsingar um eignasamsetningu ávöxtunarleiða í ársreikningnum. Nafnávöxtun sjóðsins á árinu var 0,3% til 20,7% og raunávöxtun -4,4% til 15,1%.

Tryggingafræðileg staða

Við mat á fjárhagsstöðu samtryggingarsjóðs eru eignir bornar saman við skuldbindingar. Tryggingafræðileg staða skiptist í þrjá hluta.

1. Áunnin staða. Núverandi eignir eru bornar saman við skuldbindingar vegna réttinda sem sjóðfélagar eru búnir að ávinna sér með greiðslum í sjóðinn.
2. Framtíðarstaða. Núvirði iðgjalda virkra sjóðfélaga til 70 ára aldurs er borið saman við réttindi sem framtíðariðgjöld mynda.
3. Heildarstaða. Heildarskuldbindingar eru samtala áunninna skuldbindinga og framtíðarskuldbindinga. Heildar- eignir eru samtala núverandi eigna og núvirði framtíðar- iðgjalda.

Hrein nafnávöxtun samtryggingarsjóðs á árinu 2021 var 15,6%, en við eignamat sem notað er við mat á tryggingafræðilegri stöðu lífeyrissjóðsins, er reiknað með nafnávöxtun 18,5% og raunávöxtun 13,1% samkvæmt ákvæðum reglugerðar. Ávöxtunarviðmið sem er notað til að núvirða skuldbindingar er hins vegar 3,5% raunávöxtun sem þýðir að raunávöxtun á árinu umfram núvirðingarkröfuna var 9,3%.

Útreikningur á skuldbindingum byggir á forsendum um 3,5% raunávöxtun og dánar-, lífs- og örorkulíkum til að leggja mat á fjölda ára á lífeyri. Í 14. gr. reglugerðar um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 391/1998, er kveðið á um að við mat á dánar- og lífslíkum skuli nota nýjustu dánar- og eftirlífendatölur, sem útgefnar eru af ráðherra að fengnum tillögum Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga, FÍT. Hinn 13. desember sl. gerði félagið tillögu til fjármála- og efnahagsráðuneytisins um breytingar á forsendum reiknigrunnis um lífslíkur til samræmis við reiknilíkan sem byggir á spám um þróun í framtíðinni. Breyttar forsendur gera ráð fyrir lengri lífaldri sem eykur skuldbindingar lífeyrissjóðanna þar sem þeir greiða ellilífeyri til æviloka. Allir lífeyrissjóðir skulu vera búnir að innleiða breyttar forsendur um lífslíkur fyrir tryggingafræðilega athugun ársins 2023. Almenni lífeyris-sjóðurinn hefur ákveðið að innleiða þær strax á árinu 2022 og birtir niðurstöðu tryggingafræðilegrar úttektar byggða á nýjustu dánar- og eftirlífendatölum samkvæmt tillögum og útreikningum FÍT.

Á árunum 2019 og 2020 athugaði Talnakönnun dánartíðni sjóðfélaga í Almenna lífeyrissjóðnum og bar saman við almennar dánarlíkur. Niðurstöður athugunarinnar eru að dánarlíkur sjóðfélaga Almenna eru marktækt lægri en staðal-forsendurnar en munurinn mælist áþekkur á meðal karla og kvenna. Við mat á tryggingafræðilegri stöðu Almenna lífeyris-sjóðsins eru því notaðar sértækar dánarlíkur fyrir sjóðfélaga sem eru um 80% af almennum dánarlíkum. Í stuttu máli þýðir þetta að við mat á skuldbindingum er reiknað með að sjóðfélagar í Almenna lífi að jafnaði 2 árum lengur en meðal-ævin.

Tryggingafræðilega staða samtryggingarsjóðs Almenna lífeyrissjóðsins breyttist mikið við innleiðingu á nýjum líftöflum. Tryggingafræðileg úttekt samtryggingarsjóðs miðað við 31. desember 2021 sýnir að áfallnar skuldbindingar eru 1,2% umfram eignir, framtíðskuldbindingar eru 13,9 % umfram framtíðariðgjöld og heildarskuldbindingar (áfallnar skuldbindingar að viðbættum skuldbindingum vegna framtíðariðgjalda virkra sjóðfélaga) eru 6,6% umfram heildareignir (eignir og núvirt framtíðariðgjöld). Í heild eru eignir samtryggingarsjóðs 275,5 milljarðar og heildarskuldbindingar 295 milljarðar. Í heild versnaði áfallin staða um 8,6% við vegna nýrra líftaflna, framtíðarstaða versnaði um 10,6% og heildarstaðan um 9,6%.

Tryggingafræðilega staða Almenna lífeyrissjóðsins miðað við eldri lífslíkur batnaði hins vegar milli ára vegna góðrar ávöxtunar. Úttekt með eldri forsendum miðað við 31. desember 2021 sýnir að eignir eru 7,4% umfram áfallnar skuldbindingar, framtíðarskuldbindingar eru 3,2% umfram framtíðariðgjöld og heildareignir eru 2,9% umfram heildarskuldbindingar. Samkvæmt úttektinni eru heildareignir samtryggingarsjóðs 275 milljarðar og heildarskuldbindingar 267 milljarðar.

Tryggingafræðileg staða miðað við nýjar líftöflur kallar á viðbrögð til að bregðast við breyttum forsendum. Á ársfundi sjóðsins verður kynnt ný réttindatafla fyrir framtíðargjöld. Þar sem reiknað er með lengri meðalævi lækkar fjárhæð mánaðarlegs lífeyris vegna framtíðariðgjalda og framtíðar-

staðan batnar við þessa breytingu um 14,4%. Til að bregðast við því verður iðgjald í samtryggingarsjóð hækkað úr 8% af launum í 8,5% sem mun minnka áhrifin á fjárhæð elli- og áfallalífeyrisgreiðslna.

Á ársfundi mun stjórn einnig leggja til að samþykktum sjóðsins verði breytt og að sjóðfélagafundur samþykki aldursháða breytingu á áunnum réttindum. Grundvöllur tillögunnar er að áfallnar skuldbindingar hvers árgangs breytist ekki við innleiðingu á nýjum líftöflum eða með öðrum orðum að sá hluti samtryggingarsjóðs sem búið er að taka frá til að greiða einstökum árgöngum breytist ekki. Þar sem reiknað er með að væntum árum á lífeyri fjölgi felur tillagan í sér lækkan mánaðarlegra lífeyrisgreiðslna. Reiknilíkan FÍT gerir ráð fyrir að árgangar lífi mismengi og að yngri aldurshópar lífi lengur en eldri. Þess vegna er gerð tillaga um mismunandi breytingar milli aldurshópa. Aldursháð breyting á áföllnum réttindum bætir áfallna stöðu um 8,7%. Vegna góðrar ávöxtunar á síðustu árum og með hliðsjón af stöðu samtryggingarsjóðs eftir aldursháða breytingu á réttindum leggur stjórn til að réttindi í samtryggingarsjóði og lífeyrisgreiðslur hækki hlutfallslega jafnt um 3,95% og að sú breyting verði gerð í beinu framhaldi af aldursháðri lækkan á áunnum réttindum.

Laun og fjöldi stöðugilda

Laun og launatengd gjöld starfsmanna, stjórnar og endurskoðunarnefndar námu 393,1 milljónum á árinu. Stöðugildi voru 21 í lok árs.

Önnur mikilvæg atriði

Á árinu 2021 var tekin ákvörðun um að innleiða nýtt lánakerfi, Libra-loan, til að halda utan um lán til sjóðfélaga. Með nýju kerfi er stefnt að auknum möguleika á framþróun, aukinni hagkvæmni, meira öryggi og betri upplifun lántaka. Vinna við innleiðingu hófst í ágúst og lauk í desember. Í framhaldinu opnaði Almenni nýjan lánavef fyrir sjóðfélaga sem fól í sér auknið aðgengi þeirra að ítarlegum upplýsingum. Á lánavefnum er m.a. hægt að sækja um lán, meta áhrif

aukagreiðslna á greiðslubyrði, greiða eingreiðslu eða gera samning um aukagreiðslur tímabundið inn á lán.

Almenni lífeyrissjóðurinn opnaði í febrúar nýjan og endurbættan sjóðfélagavef þar sem sjóðurinn leitast við að halda áfram að sýna frumkvæði í þróun á þjónustu við sjóðfélaga. Nýja vefnum er ætlað að veita yfirsýn á augabragði en opna einnig leið til að kafa dýpra og stýra sínum lífeyrismálum. Viðmót vefsins er sveigjanlegt og myndrænt og virkar vel fyrir spjaldtölvur og snjallsíma sem og aðrar tölvur. Á sjóðfélagavefnum er að finna ítarlegar upplýsingar um inneign, réttindi, hreyfingar og lán. Upplýsingarnar eru settar fram á myndrænan hátt til að auðvelda aðgengi og skilning. Þá er á vefnum öflug reiknivél til að reikna og áætla eftirlaun miðað við forsendur sem sjóðfélagar ákveða sjálfir. Í aðgerðarluta vefsins geta sjóðfélagar meðal annars valið sér ávöxtunarleið, gert eignabreytingar, sótt rafræn skjöl, skilað inn öllum umsóknum til sjóðsins og fylgst með framvindu þeirra. Sjóðfélagar í séreignarsjóði, sem eru byrjaðir að ganga á inneign sína, geta stillt fjárhæð mánaðarlegra útgreiðslna, sótt eingreiðslur og valið úr hvaða ávöxtunarleið þeir fá greitt hverju sinni.

Fjárfestingarstefna Almenna lífeyrissjóðsins fyrir árið 2022 var samþykkt af stjórn sjóðsins þann 24. nóvember 2021. Breytingar eru gerðar á fjárfestingarstefnu Ævisafns II og Samtryggingarsjóðs á milli ára. Vægi hlutabréfa í stefnu safnanna er aukið úr 50% í 55% og á móti er vægi skulda-bréfa í stefnu lækkað úr 50% í 45%. Vægi erlendra hlutabréfa safnanna er hækkað úr 40% í 43% og vægi innlendra hlutabréfa er hækkað úr 10% í 12%. Með þessari breytingu er stefnt að hærri langtímaávöxtun safnanna í því lágvaxtaumhverfi sem nú ríkir, bæði innanlands og erlendis. Breytingar eru gerðar á nafni og markmiði um meðaltíma skuldabréfa í Ríkissafni löngu. Safnið heitir nú Ríkissafn og er áætlaður meðaltími skuldabréfa í safninu nú 3–8 ár, en var 4–13 ár í Ríkissafni löngu. Þá er jafnframt vakin athygli á Ríkissafni stuttu var lokað í lok febrúar 2022 og höfðu sjóðfélagar í því safni tækifæri á því að velja sér safn til að

flytja inneign sína í, en veldu þeir ekki safn fluttist inneign viðkomandi í Innlánasafn. Tiltölulega litlar breytingar eru gerðar á fjárfestingarstefnu annarra ávöxtunarleiða á milli ára, þó er bent á að vikmörkum einstakra eignaflokka í stefnu blandaðra safna hefur verið hnikað til. Sjóðfélagar eru hvattir til að kynna sér fjárfestingarstefnu sjóðsins og einstakra fjárfestingarleiða, sem birt er á heimasíðu sjóðsins.

Stefna Almenna lífeyrissjóðsins um ábyrgar fjárfestingar er endurskoðuð samhliða fjárfestingarstefnu og staðfest sérstaklega af stjórn. Í stefnunni er horft til umhverfismála, félagslegra málefna og stjórnarháttar í fjárfestingum lífeyrissjóðsins. Þessir þættir eru mikilvæg forsenda fyrir sjálfbærni, þannig að fyrirtæki geti skilað góðri afkomu til langs tíma. Þannig fléttar sjálfbær þróun saman langtímahagsmuni fjárfesta og samfélagsins alls. Stefna um ábyrgar fjárfestingar og eigendastefna marka siðferðisleg viðmið Almenna lífeyrissjóðsins í fjárfestingum.

Í nóvember 2021 skrifaði Almenni lífeyrissjóðurinn undir viljayfirlýsingu gagnvart alþjóðlegu samtökunum Climate Investment Coalition (CIC) um að fjárfesta fyrir 300 milljónir Bandaríkjadala eða tæplega 40 milljarða króna í verkefnum sem tengjast hreinni orku og öðrum umhverfisvænum lausnum fram til ársins 2030. Almenni er í hópi þrettán íslenskra lífeyrissjóða sem undirritað hafa viljayfirlýsinguna gagnvart CIC. Með yfirlýsingunni staðfesta íslensku sjóðirnir vilja sinn til að auka grænar fjárfestingar og styðja þannig við markmið um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á heimsvísu. Horft verður til verkefna sem nýta jarðvarma en einnig er stefnan að styðja við aukna notkun annarra sjálfbærra orkugjafa með það að markmiði að stuðla að aukinni notkun hreinnar orku í samgöngum og atvinnustarfsemi. Mikil eftirspurn er eftir lausnum á þessu sviði og því er margt sem

bendir til þess að þær geti skilað góðri langtímaávöxtun auk þess að stuðla að betri loftgæðum og bjartari framtíð.

Ársfundur sjóðsins árið 2021 var haldinn í maí eða tveimur mánuðum síðar en venjulega vegna heimsfaraldurs kórónaveirunnar. Líkt og árið áður mótaðist starfsemi sjóðsins af faraldrinum. Þegar samkomutakmarkanir voru hvað harðastar var skrifstofa sjóðsins lokað og starfsmenn unnu í tveimur hópum, á skrifstofu og í heimavinnu. Í stuttu máli má segja að rekstur sjóðsins hafi gengi vel við þessar erfiðu aðstæður. Í upphafi faraldursins var allt kapp lagt á að efla rafrænar þjónustuleiðir sjóðsins og nú fara allar umsóknir, gögn og samskipti vegna þeirra í gegnum sjóðfélaga- og lánavef, sem krefst rafrænnar auðkenningar. Þá hafa margir sjóðfélagar nýtt sér að sækja ráðgjöf um lífeyrismál með því að tala við ráðgjafa með netspjalli eða ráðgjöf eða á fjarfundi.

Þann 24. febrúar 2022 gerði her Rússlands innrás í Úkraínu. Mörg ríki brugðust við innrásinni með því að tilkynna harðar efnahagsþvinganir gagnvart Rússum. Á fyrstu vikum stríðsins hækkaði orku- og hrávöruverð en verð á flestum hlutabréfamörkuðum lækkaði. Alger óvissa er um framvindu stríðsins en ljóst er að átökin og efnahagsaðgerðir munu hafa víðtæk áhrif á efnahag heimsins og verðbréfamarkaði, að minnsta kosti til skamms tíma og mögulega lengur og meira ef átökin dragast á langinn.

Stjórnarháttayfirlýsing

Almenni lífeyrissjóðurinn starfar samkvæmt samþykktum sjóðsins, lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og öðrum þeim reglum sem um lífeyrissjóði gilda. Stjórn og stjórnendur Almenna lífeyrissjóðsins hafa sett sér það markmið að hafa góða stjórnarhætti ávallt sér að leiðarljósi. Við mótun stjórnarháttar hefur

stjórn sjóðsins meðal annars litið til og haft til hliðsjónar leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja sem eru gefnar út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq OMX Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins. Stjórnarháttayfirlýsing fylgir ársreikningnum.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf samkvæmt 66. gr. d í lögum um ársreikninga

Lífeyrissjóðurinn telst til eininga tengdum almannahagsmunum eins og hugtakið er skilgreint í lögum um ársreikninga nr. 3/2006, með síðari breytingum. Í gr. 66. d í lögum um ársreikninga kemur m.a. fram að í yfirliti með skýrslu stjórnar skuli fylgja upplýsingar sem nauðsynlegar séu til að leggja mat á þróun, umfang, stöðu og áhrif félagsins í tengslum við umhverfis-, félags- og starfsmannamál. Jafnframt skal gerð grein fyrir stefnu félagsins í mannréttindamálum og hvernig félagið spornar við spillingar- og mútumálum.

Í stjórnarháttayfirlýsingu sem fylgir með ársreikningnum eru upplýsingar um grundvöll sjóðsins, hlutverk og markmið, stefnu í umhverfis-, félags- og starfsmannamálum. Í fjárfestingarstefnu sjóðsins er fjallað um samfélagslega ábyrgar fjárfestingar en á því sviði getur sjóðurinn fyrst og fremst beitt sér í umhverfismálum, samfélagsmálum og við innleiðingu góðra stjórnarháttar. Við mat á fjárfestingarkostum er horft til ýmissa þátta í starfsemi útgefenda sem tengjast samfélagslegri ábyrgð og umhverfismálum. Fyrirtækjum ber meðal annars að fara að lögum og reglum, virða kjarasamninga og aðra samninga um réttindi starfsfólks, móta og fylgja eftir stefnu um umhverfismál og samfélagslega ábyrgð. Almenni lífeyrissjóðurinn fylgir eftir stefnu um samfélagslega ábyrgar fjárfestingar með því að tilgreina sérstaklega á minnisblöðum, við mat á fjárfestingarkostum, hvort og hvaða stefnu útgefandi verðbréfa hefur um umhverfismál, félagsleg málefni og stjórnarhætti.

Staðfesting ársreikningsins

Stjórn og framkvæmdastjóri Almenna lífeyrissjóðsins staðfesta ársreikning sjóðsins fyrir árið 2021 með undirritun sinni.

Reykjavík, 14. mars 2022

Stjórn:

Hulda Rós Rúriksdóttir, stjórnarformaður

Oddur Ingimarsson, varaformaður

Arna Guðmundsdóttir

Davíð Ólafur Ingimarsson

Ólafur H. Jónsson

Sigríður Magnúsdóttir

Framkvæmdastjóri:

Gunnar Baldvinsson

Ársreikningur Almenna lífeyrissjóðsins fyrir árið 2021 er rafrænt undirritaður af stjórn og framkvæmdarstjóra

Til stjórnar og sjóðfélaga Almenna lífeyrissjóðsins.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Almenna lífeyrissjóðsins fyrir árið 2021. Ársreikningurinn hefur að geyma yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning þann 31. desember 2021, yfirlit um sjóðstreymi, yfirlit um tryggingafræðilega stöðu samtryggingarsjóðs, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu lífeyrissjóðsins á árinu 2021, efnahag hans 31. desember 2021 og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við lög og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

Álit okkar á ársreikningnum er í samræmi við innihald annarra skýrsla sem við höfum afhent endurskoðunarnefnd sjóðsins í samræmi við 11. gr. reglugerðar Evrópusambandsins nr. 537/2014.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Óhæði

Við erum óháð Almenna lífeyrissjóðnum í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur (IESBA Code) og viðeigandi settar siðareglur á Íslandi og höfum uppfyllt önnur ákvæði þeirra.

Eftir okkar bestu vitund, þá höfum við ekki veitt lífeyrissjóðnum neina óheimila þjónustu sem endurskoðendur lífeyrissjóðsins samanber lista yfir óheimila þjónustu sem tilgreind er í grein 5(1) í reglugerð Evrópusambandsins nr. 537/2014.

Ráðning endurskoðanda

Við vorum upphaflega kosin sem endurskoðendur Almenna lífeyrissjóðsins, fyrir árið 2017, á ársfundi sjóðsins þann 7. apríl 2016 og höfum verið endurkjörin á hverju ári síðan.

Lykilatriði endurskoðunarinnar

Lykilatriði endurskoðunarinnar eru þau atriði, sem að okkar faglega mati, hafa mesta þýðingu fyrir endurskoðun okkar á ársreikningi sjóðsins fyrir árið 2021. Þessi atriði voru yfirfarin við endurskoðun á ársreikningnum og höfð til hliðsjónar við ákvörðun á viðeigandi álit á hann. Í áritun okkar látum við ekki í ljós sérstakt álit á hverju þeirra fyrir sig.

Við höfum uppfyllt skyldur okkar eins og þær eru tilgreindar í kaflanum „ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins“ hér að neðan, sem og í tengslum við lykilatriði í endurskoðun. Endurskoðunin fól í sér hönnun og framkvæmd á endurskoðunaraðgerðum til að bregðast við mati okkar á verulegri áhættu í ársreikningnum. Niðurstaða endurskoðunaraðgerða okkar, þar á meðal þær aðgerðir sem útlistaðar eru hér að neðan, mynda grunn okkar að áritun á ársreikning sjóðsins.

• Mat á óskráðum fjárfestingum

Verðmæti óskráðra fjárfestinga og skráðra fjárfestinga með stopul viðskipti nam 48.130 m.kr. eða um 13,5% af heildareignum þann 31. desember 2021 (31.103 þann 31. desember 2020). Þessar eignir eru flokkaðar í gangvirkisþrepi 2 og 3 í skýringum í ársreikningi.

Á meðal ofangreindra fjárfestinga eru óskráð hlutabréf, hlutdeildarskírteini, framtakssjóðir (sjóðir umsaminlega fjárfestingu), óskráð skuldabréf og skráð skuldabréf með stopul viðskipti. Verðmæti þessara fjárfestinga er háð mati stjórnenda, þeim forsendum sem eru notaðar og vali á útreikningsaðferð eða líkani og getur haft veruleg áhrif á niðurstöðu matsins.

Lykilatriði sem kröfðust mats voru:

- Mat á ávöxtunarkröfu óskráðra hlutabréfa
- Mat á framtíðargreiðsluflæði
- Mat á grunnkröfu skuldabréfa
- Mat á skuldaálagi

Vegna þess hve matskenndur liðurinn er og vegna stærðar í efnahagsreikningi sjóðsins, teljum við mat á óskráðum fjárfestingum vera lykilatriði við endurskoðun okkar.

► Viðbrögð endurskoðenda

Lögð var áhersla á m.a. eftirfarandi aðgerðir til að bregðast við þessu lykilatriði:

- Ferli við fjárfestingar og mat var yfirfarið.
- Eftirlitsaðgerðir við mat á skuldabréfum voru prófaðar.
- Fyrir áhættumiðað úrtak var lagt mat á aðferðafræði og forsendur óskráðra hlutabréfa, hlutdeildarskírteina og framtakssjóða og kallað var eftir stuðningsgögnum að baki verðmati og tilvist viðmiðunarviðskipta staðfest.
- Fyrir áhættumiðað úrtak skuldabréfa var lagt mat á aðferðafræði og forsendur eins og grunnkröfur, skuldaálag og mótaðilaáhættu.
- Farið var yfir flokkun óskráðra fjárfestinga í þrepaskiptingu gangvirkis.

Til viðbótar voru viðeigandi skýringar í ársreikningnum rýndar. Sjá nánar í skýringum 10, 11, 23–32.

• Mat á lífeyrisskuldbindingu

Lífeyrisskuldbinding sjóðsins nam 295.048 m.kr. þann 31. desember 2021 (240.675 þann 31. desember 2020). Tryggingafræðileg staða þann 31. desember 2021 nam -6,6% þar sem skuldbindingar voru umfram eignir í árslok (-1,6% í árslok 2020). Lífeyrisskuldbindingin er reiknuð út af tryggingastærðfræðingi sem er ekki starfandi hjá sjóðnum.

Lykilatriði sem kröfðust mats voru:

- Mat á sértækum lífslíkum
- Mat á sértækum örorkulíkum
- Sértækir útreikningar

Vegna þess hve flóknir útreikningarnir eru og vegna stærðar og mikilvægi fyrir sjóðinn, teljum við mat á lífeyris-skuldbindingu vera lykilatriði við endurskoðun okkar.

► Viðbrögð endurskoðenda

Lögð var áhersla á m.a. eftirfarandi aðgerðir til að bregðast við þessu lykilatriði, með aðstoð innri tryggingastærðfræðings EY eftir atvikum:

- Mátum óhæði og hæfni tryggingastærðfræðings.
- Ferli við útreikninga var yfirfarið.
- Framkvæmdar voru greiningar á sértækum lífs- og örorkulíkum sem notaðar eru við útreikning við staðlaðar lífs- og örorkulíkur gefnar út af Félagi íslenskra tryggingastærðfræðinga.
- Framkvæmdar voru aðgerðir með úrtökum til að sannreyna inntaksgögn og útreikninga.
- Framkvæmdar voru greiningaraðgerðir á þróun lífeyris-skuldbindingar, forsendum og niðurstöðum.
- Yfirfarnar voru næmigreiningar með því að skoða áhrif breytinga á lykilsforsendum í líkaninu.

Til viðbótar voru viðeigandi skýringar í ársreikningnum rýndar. Sjá nánar yfirlit um tryggingafræðilega stöðu ásamt skýringum 36 og 42.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að meta rekstrarhæfi sjóðsins og eftir því sem við á, skýra frá þeim atriðum sem varða rekstrarhæfið og notkun forsendunnar um áframhaldandi rekstrarhæfi, nema ætlunin sé að leysa

upp sjóðinn eða hætta starfsemi hans, eða ef enginn annar raunhæfur valkostur er í stöðunni.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær, einar og sér eða samanlagðar, gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggjum við á faglegri dómgreind og beitum ávallt faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Við greinum og metum hættur á verulegum skekkjum í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Við öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits sjóðsins..
- Við metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru,

og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

- Við ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun okkar. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi sjóðsins.
- Við metum í heild sinni hvort framsetning og uppbygging ársreikningsins, þ.m.t. innihald og skýringar, gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem koma upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem fram koma við endurskoðunina, eftir því sem við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og upplýsum um öll tengsl eða önnur atriði sem raunhæft er að ætla að gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og eftir því sem við á, til hvaða varúðarráðstafana við höfum gripið til að tryggja óhæði okkar.

Af þeim atriðum sem við höfum upplýst stjórn og endurskoðunarnefnd um, lögðum við mat á hvaða atriði höfðu mesta þýðingu í endurskoðuninni á yfirstandandi ári og eru það lykilatriði endurskoðunarinnar. Við lýsum þessum atriðum í áritun okkar nema lög og reglur leyfi ekki að upplýst sé um slík atriði eða í einstaka tilfellum þegar endurskoðandinn metur að ekki skuli upplýsa um viðkomandi atriði þar sem neikvæðar afleiðingar af slíkri upplýsingagjöf eru taldar vega þyngra en hagsmunir almennings af upplýsingunum.

Reykjavík, 14. mars 2022

Geir Steindórsson
löggiltur endurskoðandi

Ernst & Young ehf.
Borgartúni 30
105 Reykjavík

Ársreikningur Almenna lífeyrissjóðsins fyrir árið 2021 er rafrænt undirritaður af endurskoðanda.

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2021

	Skýr.	2021	2020
Iðgjöld:			
Iðgjöld sjóðfélaga		6.326.703	5.714.541
Iðgjöld launagreiðenda		12.391.213	11.098.475
Réttindaflutningur og endurgreiðslur		151.841	79.146
		18.869.757	16.892.162
Sérstök aukaframlög		26.970	26.116
	6,13	18.896.726	16.918.278
Lífeyrir:			
Heildarfjárhæð lífeyris		8.398.444	8.051.527
Framlag til starfsendurhæfingarsjóðs		91.036	73.586
Beinn kostnaður vegna örorkulífeyris		2.948	2.592
	7,14	8.492.427	8.127.705
Hreinar fjárfestingartekjur:			
Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum	8,15	37.451.853	22.383.572
Hreinar tekjur af skuldabréfum	8,16	8.817.827	8.300.954
Vaxtatekjur af bundnum bankainnstæðum		1.505.502	1.239.746
Vaxtatekjur af handbæru fé		98.598	523.338
Vaxtatekjur af iðgjöldum og öðrum kröfum		27.993	21.853
Fjárfestingargjöld	9,17	(25.698)	(23.471)
		47.876.075	32.445.992
Rekstrarkostnaður:			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	18–22	831.132	814.102
Aðrar tekjur		4.778	4.285
Breyting á hreinni eign til greiðslu lífeyris		57.454.019	40.426.748
Hrein eign frá fyrra ári		309.560.381	269.133.633
Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok		367.014.401	309.560.381

	Skýr.	2021	2020
Fjárfestingar:			
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	23-26	192.199.626	144.123.665
Skuldabréf	27-29	135.483.440	124.729.287
Bundnar bankainnstæður		29.867.709	28.452.207
Aðrar fjárfestingar		2.760	2.760
		357.553.535	297.307.919
Kröfur:			
Kröfur á launagreiðendur		700.000	600.000
Aðrar kröfur		95.327	34.227
		795.327	634.227
Handbært fé		9.532.896	11.979.715
Eignir samtals		367.881.758	309.921.861
Skuldir:			
Áfallinn kostnaður og fyrirframinnheimtar tekjur	33	338.162	308.299
Aðrar skuldir	34	529.196	53.181
Skuldir samtals		867.358	361.480
Hrein eign til greiðslu lífeyris		367.014.401	309.560.381
Skuldbindingar utan efnahags	12	20.552.503	15.378.115

	Skýr.	2021	2020
Inngreiðslur:			
Iðgjöld		18.824.719	16.910.131
Innborgaðar vaxtatekjur af handbæru fé og kröfum		73.978	105.654
Aðrar inngreiðslur		4.778	5.843
		18.903.475	17.021.628
Útgreiðslur:			
Lífeyrir		8.467.247	8.050.999
Rekstrarkostnaður		827.554	780.403
Aðrar útgreiðslur		24.926	21.134
		9.319.726	8.852.535
Nýtt ráðstöfunarfé til fjárfestinga		9.583.749	8.169.093
Fjárfestingarhreyfingar:			
Innborgaðar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum		769.345	362.132
Keyptir eignarhlutir í félögum og sjóðum		(16.479.822)	(33.025.906)
Seldir eignarhlutir í félögum og sjóðum		6.132.506	19.508.636
Afborganir höfuðstóls og vaxta skuldabréfa		39.803.646	29.330.090
Keypt skuldabréf		(42.825.816)	(35.318.352)
Seld skuldabréf		454.196	10.318.998
Ný bundin innlán		0	0
Endurgreidd bundin innlán		90.000	550.000
		(12.055.946)	(8.274.402)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		(2.472.197)	(105.309)
Gengismunur af handbæru fé		25.377	454.678
Handbært fé í upphafi árs		11.979.715	11.630.346
Handbært fé í lok árs		9.532.896	11.979.715

Yfirlit um tryggingafræðilega stöðu samtryggingarsjóðs 31. desember 2021

	Skýr.	31. desember 2021			31. desember 2020		
		Áfallin skuldbinding	Framtíðar- skuldbinding	Heildar- skuldbinding	Áfallin skuldbinding	Framtíðar- skuldbinding	Heildar- skuldbinding
Eignir:	36						
Hrein eign til greiðslu lífeyris		174.784.296	0	174.784.296	147.228.268	0	147.228.268
Mismunur á bókfærðu verði og núvirði skuldabréfa		(8.489.067)	0	(8.489.067)	(7.047.567)	0	(7.047.567)
Mismunur á bókfærðu verði og matsvirði skráðra hlutabréfa		0	0	0	(1.932.799)	0	(1.932.799)
Núvirði framtíðarfjárfestingarkostnaðar		0	0	0	(226.862)	0	(226.862)
Núvirði framtíðariðgjalda		0	109.213.768	109.213.768	0	98.953.549	98.953.549
Eignir samtals		166.295.229	109.213.768	275.508.998	138.021.039	98.953.549	236.974.588
Skuldbindingar:							
Ellilífeyrir		148.770.491	112.540.584	261.311.075	120.180.263	88.364.270	208.544.533
Örorkulífeyrir		5.788.771	5.522.947	11.311.718	4.978.012	4.987.014	9.965.026
Makalífeyrir		9.475.789	2.075.287	11.551.075	9.382.115	2.508.256	11.890.371
Barnalífeyrir		223.150	1.078.078	1.301.229	205.593	1.349.113	1.554.706
Núvirði framtíðarrekstrarkostnaðar		3.983.938	5.588.892	9.572.830	3.550.839	5.169.284	8.720.123
Skuldbindingar samtals		168.242.139	126.805.788	295.047.927	138.296.822	102.377.937	240.674.759
Eignir umfram skuldbindingar		(1.946.909)	(17.592.020)	(19.538.929)	(275.783)	(3.424.389)	(3.700.172)
Í hlutfalli af skuldbindingum í ársbyrjun		(0,2%)	(3,5%)	(1,6%)	(4,3%)	(3,2%)	(3,8%)
Í hlutfalli af skuldbindingum í árslok		(1,2%)	(13,9%)	(6,6%)	(0,2%)	(3,5%)	(1,6%)
Staðan með eldri líftöflum		7,4%	(3,2%)	2,9%			
Áhrif nýrra lífslíka á stöðu sjóðsins		(8,6%)	(10,6%)	(9,6%)			

	Skýr.	2021	2020
Iðgjöld:			
Iðgjöld sjóðfélaga		2.136.886	1.877.772
Iðgjöld launagreiðenda		5.360.358	4.749.926
Réttindaflutningur og endurgreiðslur		(9.714)	(15.550)
		7.487.530	6.612.147
Sérstök aukaframlög		26.970	26.116
	6, 13	7.514.500	6.638.263
Lífeyrir:			
Heildarfjárhæð lífeyris		3.057.047	2.710.810
Framlag til starfsendurhæfingarsjóðs		91.036	73.586
Beinn kostnaður vegna örorkulífeyris		2.948	2.592
	7, 14	3.151.031	2.786.988
Hreinar fjárfestingartekjur:			
Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum	8,15	18.317.199	10.862.985
Hreinar tekjur af skuldabréfum	8,16	5.230.634	4.780.310
Vaxtatekjur af handbæru fé		40.423	231.454
Vaxtatekjur af iðgjöldum og öðrum kröfum		13.903	11.484
Fjárfestingargjöld	9,17	(12.967)	(12.657)
		23.589.192	15.873.576
Rekstrarkostnaður:			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	18–22	398.903	389.961
Aðrar tekjur		2.269	2.036
Breyting á hreinni eign til greiðslu lífeyris		27.556.028	19.336.927
Hrein eign frá fyrra ári		147.228.269	127.891.342
Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok		174.784.296	147.228.269

	Skýr.	2021	2020
Fjárfestingar:			
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	23–26	93.540.419	70.294.305
Skuldabréf	27–29	77.100.117	71.621.201
Aðrar fjárfestingar		2.760	2.760
		170.643.296	141.918.266
Kröfur:			
Kröfur á launagreiðendur		700.000	600.000
Aðrar kröfur		45.203	17.884
		745.203	617.884
Handbært fé		3.754.075	4.806.540
Eignir samtals		175.142.574	147.342.691
Skuldir:			
Áfallinn kostnaður og fyrirframinnheimtar tekjur	33	122.881	113.975
Aðrar skuldir	34	235.397	447
Skuldir samtals		358.278	114.422
Hrein eign til greiðslu lífeyris		174.784.296	147.228.268

	Skýr.	2021	2020
Inngreiðslur:			
Iðgjöld		7.428.403	6.619.748
Innborgaðar vaxtatekjur af handbæru fé og kröfum		29.056	42.474
Aðrar inngreiðslur		2.269	2.941
		7.459.728	6.665.163
Útgreiðslur:			
Lífeyrir		3.136.575	2.778.126
Rekstrarkostnaður		397.818	374.392
Aðrar útgreiðslur		12.093	11.031
		3.546.485	3.163.548
Nýtt ráðstöfunarfé til fjárfestinga		3.913.242	3.501.614
Fjárfestingarhreyfingar:			
Innborgaðar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum		397.725	190.089
Keyptir eignarhlutir í félögum og sjóðum		(8.296.218)	(16.467.121)
Seldir eignarhlutir í félögum og sjóðum		2.976.987	9.181.267
Afborganir höfuðstóls og vaxta skuldabréfa		20.388.755	16.449.826
Keypt skuldabréf		(20.642.422)	(19.421.140)
Seld skuldabréf		197.882	6.600.228
		(4.977.291)	(3.466.852)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		(1.064.049)	34.762
Gengismunur af handbæru fé		11.584	208.870
Handbært fé í upphafi árs		4.806.540	4.562.908
Handbært fé í lok árs		3.754.075	4.806.540

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2021 – Séreignarsjóður

	Skýr.	Ævisafn I	Ævisafn II	Ævisafn III	Innlánasafn	Ríkissafn	Ríkissafn stutt	Húsnæðis- safn	Samtals 2021	Samtals 2020
Iðgjöld:										
Iðgjöld sjóðfélaga		1.481.658	1.448.369	677.435	451.487	27.967	9.152	93.749	4.189.817	3.836.770
Iðgjöld launagreiðenda		2.932.063	2.522.169	894.074	565.293	33.306	11.271	72.679	7.030.854	6.348.549
Réttindaflutningur og endurgreiðslur		(1.214.227)	(1.156.838)	3.355.418	(629.656)	(190.014)	(3.482)	354	161.555	94.696
	6, 13	3.199.494	2.813.699	4.926.927	387.124	(128.741)	16.941	166.783	11.382.227	10.280.015
Lífeyrir:										
Heildarfjárhæð lífeyris	7, 14	1.055.285	1.843.304	1.044.491	1.235.672	49.730	19.360	93.555	5.341.397	5.340.717
Hreinar fjárfestingartekjur:										
Hreinar tekjur af eignarhl. í félögum og sjóðum	8, 15	6.705.578	10.375.818	2.045.851	0	6.461	946	0	19.134.654	11.520.587
Hreinar tekjur af skuldabréfum	8, 16	591.851	2.109.366	791.866	0	69.499	1.715	22.896	3.587.193	3.520.644
Vaxtatekjur af bundnum bankainnstæðum		0	0	211.205	1.294.298	0	0	0	1.505.502	1.239.746
Vaxtatekjur af handbæru fé		10.867	24.358	14.281	8.071	229	230	139	58.175	291.885
Vaxtatekjur af iðgjöldum og öðrum kröfum		6.396	4.716	2.161	671	52	23	70	14.090	10.368
Fjárfestingargjöld	9, 17	(3.011)	(6.640)	(2.873)	0	(147)	(36)	(24)	(12.731)	(10.815)
		7.311.680	12.507.618	3.062.491	1.303.039	76.095	2.878	23.082	24.286.883	16.572.416
Rekstrarkostnaður:										
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	18–22	93.367	194.415	73.797	65.184	3.053	1.343	1.070	432.229	424.141
Aðrar tekjur		539	1.128	427	382	18	8	6	2.509	2.249
Breyting á hreinni eign til greiðslu lífeyris		9.363.061	13.284.727	6.871.556	389.689	(105.411)	(876)	95.246	29.897.992	21.089.821
Hrein eign frá fyrra ári		33.705.213	73.175.509	27.018.624	26.198.255	1.299.091	542.769	392.650	162.332.113	141.242.291
Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok		43.068.274	86.460.236	33.890.181	26.587.944	1.193.680	541.894	487.896	192.230.104	162.332.113

	Skýr.	Ævisafn I	Ævisafn II	Ævisafn III	Innlánasafn	Ríkissafn	Ríkissafn stutt	Húsnæðis-safn	Samtals 2021	Samtals 2020
Fjárfestingar:										
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	23-26	33.061.492	52.122.778	13.275.519	0	154.367	45.052	0	98.659.207	73.829.360
Skuldabréf	27-29	9.038.929	32.359.356	15.131.197	0	987.613	414.591	451.637	58.383.323	53.108.086
Bundnar bankainnstæður		0	0	4.201.590	25.666.119	0	0	0	29.867.709	28.452.207
		42.100.421	84.482.133	32.608.305	25.666.119	1.141.980	459.643	451.637	186.910.239	155.389.652
Kröfur:										
Aðrar kröfur		16.660	25.631	6.456	1.162	149	45	21	50.124	16.343
Handbært fé		1.088.426	2.181.871	1.356.095	976.458	52.555	82.835	40.580	5.778.821	7.173.175
Eignir samtals		43.205.507	86.689.635	33.970.857	26.643.739	1.194.684	542.523	492.239	192.739.184	162.579.170
Skuldir:										
Áfallinn kostnaður og fyrirframinnheimtar tekjur	33	33.245	87.639	44.569	48.276	751	589	213	215.280	194.324
Aðrar skuldir	34	103.989	141.760	36.108	7.519	253	41	4.130	293.799	52.734
Skuldir samtals		137.233	229.399	80.677	55.795	1.004	629	4.343	509.080	247.057
Hrein eign til greiðslu lífeyris		43.068.274	86.460.236	33.890.181	26.587.944	1.193.680	541.894	487.896	192.230.104	162.332.113

	Skýr.	Ævisafn I	Ævisafn II	Ævisafn III	Innlánasafn	Ríkissafn	Ríkissafn stutt	Húsnæðis- safn	Samtals 2021	Samtals 2020
Inngreiðslur:										
Iðgjöld		3.205.889	2.818.415	4.929.089	387.795	(128.689)	16.964	166.853	11.396.316	10.290.383
Innborgaðar vaxtatekjur af handbæru fé og kröfum		5.344	17.239	13.670	8.071	229	230	140	44.923	63.180
Aðrar inngreiðslur		539	1.128	427	382	18	8	6	2.509	2.902
		3.211.773	2.836.782	4.943.185	396.248	(128.442)	17.202	167.000	11.443.747	10.356.465
Útgreiðslur:										
Lífeyrir		1.068.175	1.825.701	1.038.500	1.235.285	50.945	19.078	92.988	5.330.672	5.272.873
Rekstrarkostnaður		92.868	193.866	73.448	64.062	3.079	1.349	1.065	429.736	406.011
Aðrar útgreiðslur		2.335	6.092	2.421	1.735	190	45	16	12.833	10.103
		1.163.378	2.025.659	1.114.369	1.301.082	54.213	20.472	94.069	5.773.241	5.688.987
Nýtt ráðstöfunarfé til fjárfestinga		2.048.395	811.123	3.828.816	(904.834)	(182.655)	(3.270)	72.930	5.670.507	4.667.478
Fjárfestingarhreyfingar:										
Innborgaðar tekjur af eignarhl. í félögum og sjóðum		115.046	205.605	49.573	0	1.146	250	0	371.620	172.043
Keyptir eignarhlutir í félögum og sjóðum		(2.923.046)	(3.984.501)	(1.276.057)	0	0	0	0	(8.183.604)	(16.558.784)
Seldir eignarhlutir í félögum og sjóðum		816.553	1.657.225	681.742	0	0	0	0	3.155.519	10.327.369
Afborganir höfuðstóls og vaxta skuldabréfa		2.654.515	9.429.034	6.637.845	0	305.118	222.415	165.963	19.414.891	12.880.264
Keypt skuldabréf		(2.784.563)	(8.635.766)	(10.055.503)	0	(277.110)	(187.785)	(242.666)	(22.183.393)	(15.897.212)
Seld skuldabréf		22.843	74.942	7.283	0	151.246	0	0	256.314	3.718.770
Endurgreidd bundin innlán		0	0	0	90.000	0	0	0	90.000	550.000
		(2.098.653)	(1.253.460)	(3.955.117)	90.000	180.400	34.880	(76.703)	(7.078.654)	(4.807.550)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		(50.258)	(442.337)	(126.301)	(814.834)	(2.254)	31.610	(3.773)	(1.408.147)	(140.071)
Gengismunur af handbæru fé		5.577	7.064	1.152	0	0	0	0	13.794	245.808
Handbært fé í upphafi árs		1.133.108	2.617.143	1.481.244	1.791.292	54.810	51.225	44.353	7.173.175	7.067.438
Handbært fé í lok árs		1.088.426	2.181.871	1.356.095	976.458	52.555	82.835	40.580	5.778.821	7.173.175

Skýringar við ársreikning

Almenna lífeyrissjóðsins 2021

Reikningsskilaaðferðir

Upplýsingar um sjóðinn	48
Grundvöllur reikningsskilanna	48
Mat og ákvarðanir við beitingu reikningsskilaaðferða	48
Mikilvægar reikningsskilaaðferðir	48
Erlendir gjaldmiðlar	48
Iðgjöld	48
Lífeyrir	48
Hreinar fjárfestingartekjur	48
Fjárfestingargjöld	48
Fjárfestingar	48

Mat stjórnenda og ályktanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Eignamat verðbréfa	49
Skuldbindingar utan efnahags	49

Skýringar við rekstrarreikning

Iðgjöld	50
Lífeyrir	50
Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum	51
Hreinar tekjur af skuldabréfum	52
Fjárfestingargjöld	53
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	55
Laun og laungatengd gjöld	55
Laun stjórnarmanna, endurskoðunarnefndar og lykilstjórnenda	55
Póknun til endurskoðenda	55
Póknun til tryggingastærðfræðings	55

Skýringar við efnahagsreikning

Eignarhlutir í félögum og sjóðum	56
Hlutabréf	57
Hlutdeildarskírteini og hlutir í verðbréfasjóðum	59
Hlutdeildarskírteini og hlutir annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	60
Skuldabréf	62
Veðskuldabréf	62
Niðurfærsla verðbréfa	62
Fjárfestingar eftir gjaldmiðlum	63
Þrepaskipting gangvirðis	64
Flokkun fjáreigna og fjárskulda	65
Áfallinn kostnaður og fyrirframinnheimtar tekjur	65
Aðrar skuldir	65
Fjárfestingar eftir verðbréfaflokkum	66
Tryggingafræðileg staða	67

Áhættustýring og umfang áhættu

Greining áhættupátta og áhættustýring	68
Eftirlit og stýring fjárhagslegrar áhættu	68
Eftirlit og stýring mótaðilaáhættu	71
Eftirlit og stýring útlánaáhættu	71
Eftirlit og stýring lausafjáraáhættu	72
Eftirlit og stýring skuldbindinga-áhættu	73
Eftirlit og stýring rekstraráhættu	73

Kennitölur

74

Reikningsskilaaðferðir

1. Upplýsingar um lífeyrissjóðinn

Almenni lífeyrissjóðurinn er með aðsetur í Borgartúni 25, Reykjavík. Sjóðurinn er öllum opinn, en er jafnframt starfs-greinasjóður arkitekta, leiðsögumanna, lækna, hljómlistar-manna og tæknifræðinga.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikn- inga, lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og reglur Fjármálaeftirlitsins um ársreikninga lífeyrissjóða. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reiknings- skilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í þúsundum.

Sjóðurinn skiptist í tvo sjóði, samtryggingarsjóð og sér- eignarsjóð. Eignir samtryggingarsjóðs eru ávaxtaðar í einu verðbréfasafni en séreignarsjóður skiptist í sex ávöxtunar- leiðir með mismunandi fjárfestingarstefnum.

3. Mat og ákvarðanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Gerð ársreiknings krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir, geta við sölu eða aðra ráðstöfun, reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Mat og forsendur eru endurskoðaðar reglulega og eru áhrifin af breytingum færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

Upplýsingar um mikilvæg atriði, þar sem óvissa í mati og mikilvægi ákvarðana varðandi reikningsskilaaðferðir hefur

mest áhrif á skráðar fjárhæðir í reikningsskilunum, er að finna í skýringu 11.

4. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum.

5. Erlendir gjaldmiðlar

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í árslok. Rekstrartekjur og gjöld í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð á gengi viðskiptadags.

6. Iðgjöld

Iðgjöld eru tekjufærð eftir skilagreinum sem borist hafa sjóðnum. Áætlað er fyrir ógreiddum iðgjöldum samtrygg- ingarsjóðs í árslok miðað við fyrri reynslu og eru þau eign- færð sem kröfur á launagreiðendur í efnahagsreikningi. Iðgjöld í séreignarsjóð eru bókuð miðað við greiðsludag eða þegar inneign myndast. Framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði er hluti af tryggingagjaldi vegna launa og rennur til lækkunar og jöfnunar á örorkubyrði milli lífeyrissjóða.

7. Lífeyrir

Undir lífeyri falla lífeyrisgreiðslur sjóðsins, það er ellilífeyrir, makalífeyrir, örorkulífeyrir og barnalífeyrir. Undir þennan lið fellur einnig sérstakt gjald til Virk, starfsendurhæfingarsjóðs, og annar beinn kostnaður við örorkumat.

8. Hreinar fjárfestingartekjur

Hreinar fjárfestingartekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum eru tekjur af fjárfestingum sjóðsins í hlutabréfum

og hlutdeildarskírteinum, að frádregnum gjöldum vegna slíkra fjárfestinga. Undir þennan lið falla arðgreiðslur, hagn- aður og tap af sölu eignarhluta í félögum og sjóðum um sameiginlega fjárfestingu, breytingar á gangvirði félaga og sjóða um sameiginlega fjárfestingu og hliðstæðar tekjur og gjöld.

Hreinar tekjur af skuldabréfum eru tekjur af fjárfestingum sjóðsins í skuldabréfum, að frádregnum gjöldum vegna slíkra fjárfestinga. Undir þennan lið falla vaxtatekjur, verðbætur og lántökupóknar af skuldabréfum, hagnaður og tap af sölu skuldabréfa, breytingar á gangvirði skuldabréfa að meðtal- inni varúðarniðurfærslu vegna tapshættu sem kann að vera fyrir hendi á uppgjörstegi svo og hliðstæðar tekjur og gjöld.

9. Fjárfestingargjöld

Undir þennan lið eru færð fjárfestingargjöld og þóknar til fjármálaþyrftækja og sjóða um sameiginlega fjárfestingu vegna umsýslu og vörslugjalda. Í skýringu 17 er greint frá áætlaðri umsýsluþóknun vegna fjárfestinga sjóðsins í inn- lendum og erlendum verðbréfasjóðum og sérhæfðum sjóðum.

10. Fjárfestingar

Fjárfestingum í eigu sjóðsins er skipt í eignarhluti í félögum og sjóðum, skuldabréf, bundnar bankainnstæður og aðrar fjárfestingar. Til eignarhluta í félögum og sjóðum teljast hlutabréf, hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða og fjárfest- ingarsjóða og aðrir sjóðir um sameiginlega fjárfestingu. Til skuldabréfa teljast skuldabréf og önnur verðbréf með föstum vöxtum eða með tiltekna vaxtaviðmiðun og skuldabréfalán með veði í fasteignum og lausafé. Gjaldmiðlagengi erlendra eigna er skráð á kaupgengi Seðlabanka Íslands þann 31.12.2021. Skipting erlendra eigna á helstu gjaldmiðla er að finna í skýringu 30.

Mat stjórnenda og ályktanir við beitingu reikningsskilaaðferða

11. Eignamat verðbréfa

Í daglegu gengisuppgjöri lífeyrissjóðsins er farið yfir allar eignir sjóðsins og þær metnar. Eignarhlutar í félögum og sjóðum eru færðir á gangvirði. Sérhæfðir sjóðir (private equity og mezzanine funds) eru metnir á innra virði í samræmi við

árshlutauppgjör eða endurskoðuð ársuppgjör. Skuldabréf, önnur en veðskuldabréf, eru metin á gangvirði í samræmi við settar reikningsskilareglur. Veðskuldabréf eru eignfærð miðað við uppgreiðsluverð. Skráð verðbréf eru eignfærð á markaðsverði en óskráð verðbréf á áætluðu markaðsverði. Í skýringu 31 eru upplýsingar um þrepaskiptingu gangvirðis samkvæmt verðmatsaðferðum..

12. Skuldbindingar utan efnahags

Almenni lífeyrissjóðurinn hefur gert samninga um fjárfestingar í innlendum og erlendum sérhæfðum sjóðum. Með samningunum hefur lífeyrissjóðurinn skuldbundið sig til að fjárfesta fyrir ákveðna fjárhæð í hverjum sjóði sem er innkölluð í nokkrum áföngum á lengra tímabili. Útistandandi skuldbinding er alls um 20,6 milljarðar króna miðað við gjaldmiðlagengi í lok árs 2021, þar af eru um 16,2 milljarðar króna í erlendum gjaldmiðlum.

IÐGJÖLD

13. Iðgjöld greinast þannig:

	Samtryggingar- sjóður	Séreignar- sjóður	Samtals 2021	Samtryggingar- sjóður	Séreignar- sjóður	Samtals 2020
Lágmarksiðgjöld	7.497.245	6.455.792	13.953.037	6.627.698	5.748.158	12.375.856
Viðbótariðgjöld	0	4.764.879	4.764.879	0	4.437.160	4.437.160
Réttindaflutningur og endurgreiðslur	(9.714)	161.555	151.841	(15.550)	94.696	79.146
Framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði	26.970	0	26.970	26.116	0	26.116
	7.514.500	11.382.227	18.896.726	6.638.263	10.280.015	16.918.278

Inneign laus til útborgunar í séreignarsjóði:

	2021	2020
Inneign laus til útborgunar frá 60 ára (samkvæmt vali sjóðfélaga)	188.361.215	159.312.648
Inneign laus til útborgunar frá 65–79 ára (hluti af lágmarkslífeyri frá 70 ára aldri)	1.121.748	986.646
Inneign laus til útborgunar frá 65–84 ára (hluti af lágmarkslífeyri frá 70 ára aldri)	43.044	34.315
Tilgreind séreign	275.301	186.450
Erfðaséreign laus til útborgunar	2.428.797	1.812.054
	192.230.104	162.332.113

LÍFEYRIR

14. Heildarfjárhæð lífeyris greinist þannig:

	Samtryggingar- sjóður	Séreignar- sjóður	Samtals 2021	Samtryggingar- sjóður	Séreignar- sjóður	Samtals 2020
Ellilífeyrir	2.466.559	2.912.648	5.379.207	2.187.090	2.616.025	4.803.115
Örorkulífeyrir	289.097	11.892	300.989	250.793	12.474	263.267
Makalífeyrir	261.289	0	261.289	235.438	0	235.438
Barnalífeyrir	40.102	0	40.102	37.490	0	37.490
Erfðalífeyrir	0	142.293	142.293	0	135.820	135.820
Séreign inn á lán	0	1.032.005	1.032.005	0	1.004.669	1.004.669
Útborgun vegna húsnæðissparnaðar	0	103.723	103.723	0	84.440	84.440
Aukagreiðsla (tímabundin opnun séreignarsparnaðar)	0	1.138.835	1.138.835	0	1.487.290	1.487.290
Lífeyrir samtals	3.057.047	5.341.397	8.398.444	2.710.810	5.340.717	8.051.527

HREINAR FJÁRFESTINGARTEKJUR

15. Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum

	2021	2020
Arðgreiðslur	405.331	218.929
Gangvirðisbreyting vegna innlendra eigna	11.839.633	3.947.133
Gangvirðisbreyting vegna erlendra eigna	22.804.014	13.767.117
Gjaldmiðlabreyting	2.402.875	4.450.393
	37.451.853	22.383.572

Hreinar tekjur af eignarhlutum í innlendum félögum og sjóðum sundurliðast þannig:

	Bókfært verð 31. 12. 2021	Arður	Gangvirðis- breyting	Hreinar tekjur samts 2021	Hreinar tekjur samts 2020
Marel hf.	7.506.978	70.872	738.673	809.545	1.570.201
Arion banki hf.	4.217.703	39.752	2.086.217	2.125.969	100.101
Festi hf.	3.439.585	47.599	844.977	892.576	713.983
Eik fasteignafélag hf.	3.378.494	52.280	832.263	884.543	285.661
IS Lausafjársefn	2.999.793	0	45.039	45.039	20.039
Kvika banki hf.	2.503.210	0	788.253	788.253	401.497
Síldarvinnslan hf.	2.409.742	0	978.212	978.212	0
Íslandsbanki hf.	2.077.084	0	776.849	776.849	0
HSV eignarhaldsfélag slhf.	1.882.454	0	201.983	201.983	(41.774)
Reitir fasteignafélag hf.	1.687.876	15.856	269.171	285.027	246.086
Aðrar fjárfestingar	16.184.810	178.972	4.277.995	4.456.967	870.270
	48.287.728	405.331	11.839.633	12.244.964	4.166.063

Hreinar tekjur af eignarhlutum í erlendum félögum og sjóðum sundurliðast þannig:

	Bókfært verð 31. 12. 2021	Áhrif gjaldmiðils	Gangvirðis- breyting	Hreinar tekjur samts 2021	Hreinar tekjur samts 2020
iShares Developed World ESG Screened Index Fund	27.931.100	554.242	5.146.220	5.700.462	3.996.845
iShares Developed World Index Fund	26.296.361	523.383	4.789.492	5.312.874	3.811.211
Vanguard Global Stock Index Fund	21.342.268	426.264	3.823.745	4.250.008	4.027.148
Vanguard ESG Developed All Cap Equity Index Fund	21.242.307	434.065	3.029.418	3.463.484	672.759
TRP Global Focused Growth Equity Fund	10.049.442	222.905	899.145	1.122.049	2.612.221
GuardCap Global Equity Fund	8.612.462	175.301	1.412.618	1.587.920	1.324.133
BlackRock ICS US Dollar Liquid Fund	7.578.080	184.214	1.497	185.710	371.349
Oberon Credit Investment Fund IV	2.065.899	(118.051)	74.145	(43.905)	133.744
KKR Americas Fund XII	1.968.164	31.868	837.285	869.153	257.469
Vanguard US Government Bond Index Fund	1.708.582	42.577	(42.291)	286	63.829
Aðrar fjárfestingar	15.117.236	(73.893)	2.832.740	2.758.847	946.803
	143.911.901	2.402.875	22.804.014	25.206.889	18.217.510

16. Hreinar tekjur af skuldabréfum

	2021	2020
Gengismunur skuldabréfa	8.749.345	8.208.495
Gjaldmiðlabreyting	45.093	59.336
Lántökugjöld	23.388	33.123
	8.817.827	8.300.954

	Tekjur af skuldabréfum færðar á gangvirði		Tekjur af skuldabréfum færðar m.v. uppgreiðsluverð	
	2021	2020	2021	2020
Skuldabréf með ríkisábyrgð	2.552.322	3.465.044		
Skuldabréf sveitarfélaga	1.416.740	1.037.391		
Sértryggð skuldabréf	855.785	697.240		
Skuldabréf og víxlar lánastofnana og váttryggingarfélaga	24.411	17.571		
Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl félaga	1.613.428	960.333		
Skuldabréf og peningamarkaðsskj. annarra sj. um sameiginlega fjárf.	178.254	(1.860)		
Veðskuldabréf			2.133.066	2.240.889
Varúðarniðurfærsla	74	(127.750)	43.745	12.096
	6.641.016	6.047.969	2.176.811	2.252.985

17. Fjárfestingargjöld

	Bein fjárfestingar- gjöld	Áætluð og reiknuð fjárfestingar- gjöld	Fjárfestingar- gjöld samts	Heildareign í sjóðum að meðaltali á árinu	Hlutfall fjárfestingar- gjalda alls af meðaleign
Fjárfestingargjöld 2021					
Vegna innlendra verðbréfasjóða	0	7.412	7.412	5.369.714	0,14%
Vegna innlendra fagfjárfestastjóða	0	113.832	113.832	8.502.349	1,34%
Vegna erlendra verðbréfasjóða	0	202.974	202.974	110.887.788	0,18%
Vegna erlendra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	0	303.769	303.769	15.369.156	1,98%
Kaup- og sölupóknarir vegna verðbréfavíðskipta	9.809		9.809		
Vörslupóknarir	15.341		15.341		
Önnur fjárfestingargjöld	547		547		
	25.698	627.987	653.685	140.129.008	0,47%
Fjárfestingargjöld 2020					
Vegna innlendra verðbréfasjóða	0	4.767	4.767	4.313.257	0,11%
Vegna innlendra fagfjárfestastjóða	0	68.908	68.908	6.900.658	1,00%
Vegna erlendra verðbréfasjóða	0	165.906	165.906	96.009.413	0,17%
Vegna erlendra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	0	211.000	211.000	10.753.759	1,96%
Kaup- og sölupóknarir vegna verðbréfavíðskipta	8.349		8.349		
Vörslupóknarir og gengisútreikningur	14.556		14.556		
Önnur fjárfestingargjöld	567		567		
	23.471	450.581	474.052	117.977.087	0,40%

17. Fjárfestingargjöld, frh.

Bein fjárfestingargjöld:	Samtr. sjóður	Ævisafn I	Ævisafn II	Ævisafn III	Ríkissafn	Ríkissafn stutt	Húsnæðis- safn	Samtals
Kaup og sölubóknanir vegna verðbréfavíðskipta	4.950	1.150	2.535	1.097	56	14	9	9.809
Vörslubóknanir	7.741	1.798	3.964	1.715	88	21	14	15.341
Önnur fjárfestingargjöld	276	64	141	61	3	1	1	547
	12.967	3.011	6.640	2.873	147	36	24	25.698
Áætluð og reiknuð fjárfestingargjöld:								
Innlendir verðbréfasjóðir	3.011	523	1.870	1.518	379	112	0	7.412
Innlendir fagfjárfestassjóðir	60.252	17.343	29.880	6.357	0	0	0	113.832
Erlendir verðbréfasjóðir	96.373	37.326	55.808	13.467	0	0	0	202.974
Erlendir sjóðir um sameiginlega fjárfestingu	144.591	54.892	83.286	21.000	0	0	0	303.769
	304.227	110.084	170.843	42.342	379	112	0	627.987
Fjárfestingargjöld samtals	317.193	113.095	177.484	45.216	526	147	24	653.685
Meðalstaða eigna í sjóðum:								
Innlendir verðbréfasjóðir	2.250.262	390.611	1.397.946	1.134.480	151.711	44.704	0	5.369.714
Innlendir fagfjárfestassjóðir	4.493.624	1.299.707	2.232.417	476.601	0	0	0	8.502.349
Erlendir verðbréfasjóðir	52.740.140	20.149.145	30.429.687	7.568.816	0	0	0	110.887.788
Erlendir sjóðir um sameiginlega fjárfestingu	7.396.787	2.558.475	4.160.658	1.253.237	0	0	0	15.369.156
Meðalstaða eigna í sjóðum	66.880.813	24.397.938	38.220.708	10.433.133	151.711	44.704	0	140.129.008
Hlutfall áætlaðra fjárfestingargjalda af meðalstöðu í sjóðum:								
Innlendir verðbréfasjóðir	0,13%	0,13%	0,13%	0,13%	0,25%	0,25%		0,14%
Innlendir fagfjárfestassjóðir	1,34%	1,33%	1,34%	1,33%				1,34%
Erlendir verðbréfasjóðir	0,18%	0,19%	0,18%	0,18%				0,18%
Erlendir sjóðir um sameiginlega fjárfestingu	1,95%	2,15%	2,00%	1,68%				1,98%
	0,45%	0,45%	0,45%	0,41%	0,25%	0,25%		0,47%

REKSTRARKOSTNAÐUR

18. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður greinist þannig:

	2021	2020
Laun og launatengd gjöld	393.141	460.729
Annar starfsmannakostnaður	14.908	11.883
Endurskoðun og uppgjör	19.881	15.333
Fjármálaeftirlitið	18.229	18.291
Umboðsmaður skuldara	3.300	2.430
Rekstur og húsnæði	30.914	31.002
Rekstur tölvukerfa	244.482	193.268
Markaðs- og kynningarmál	27.815	19.152
Önnur sérfræðipjónusta	51.325	40.539
Annar kostnaður	27.137	21.474
	831.132	814.102

19. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2021	2020
Laun	323.143	325.452
Iðgjöld til lífeyrissjóða	47.096	47.557
Önnur launatengd gjöld	22.903	87.721
	393.141	460.729

Áfallin orlofsskuldbinding fellur undir önnur launatengd gjöld en sjóðurinn færði hana í fyrsta sinn árið 2020. Skuldbindingin er að fjárhæð 44,4 millj. kr. í árslok 2021 samanborið við 54,7 millj. kr. í árslok 2020.

	2021	2020
Meðalfjöldi starfsmanna	21	21

20. Heildarlaun og hlunnindi stjórnarmanna, endurskoðunarnefndar og lykilstjórnenda:

Lykilstjórnendur	2021	2020
Framkvæmdastjóri	25.307	25.057
Fjárfestingarstjóri	20.793	23.930
Skrifstofustjóri	23.015	21.043
Áhættustjóri	19.062	17.509

Endurskoðunarnefnd	2021	2020
Gísli Hlíðberg Guðmundsson, formaður	2.170	1.975
Eiríkur Þorbjörnsson	1.355	1.245
Davíð Ólafur Ingimarsson	1.355	1.245
	4.880	4.465

Stjórn

Hulda Rós Rúriksdóttir, formaður	3.465	2.350
Oddur Ingimarsson, varaformaður	3.255	2.588
Ólafur Hvanndal Jónsson	3.045	5.150
Arna Guðmundsdóttir	2.170	1.975
Sigríður Magnúsdóttir	2.170	1.975
Davíð Ólafur Ingimarsson	2.170	1.975
Oddgeir Ottesen	705	205
Kristján Þ. Davíðsson	520	490
Helga Jónsdóttir	520	315
	18.020	17.023

Kjörnefnd

Lára V. Júlíusdóttir	278	0
Ólafur Hvanndal Jónsson	278	0
Ingvar J. Baldursson	278	0
	833	0

21. Póknun til endurskoðenda sundurliðast þannig:

Póknun til ytri endurskoðanda	2021	2020
Endurskoðun ársreiknings Almenna lífeyrissjóðsins	6.752	6.972
Önnur þjónusta ytri endurskoðanda	224	0
	6.976	6.972

Póknun til innri endurskoðanda

Innri endurskoðun	3.913	3.640
Önnur þjónusta	1.240	324
	5.153	3.964

22. Póknun til tryggingastærðfræðings sundurliðast þannig:

	2021	2020
Útreikningur á tryggingafræðilegri stöðu	4.891	3.376
Önnur þjónusta	2.861	1.021
	7.752	4.397

FJÁRFESTINGAR

23. Eignarhlutir í félögum og sjóðum greinast þannig:

	Séreignar- sjóður	Samtryggingar- sjóður	2021	2020
Innlend hlutabréf				
Skráð bréf	16.251.079	18.193.929	34.445.008	20.779.999
Óskráð bréf	2.816.993	3.159.443	5.976.436	4.440.763
	19.068.073	21.353.372	40.421.444	25.220.762
Hlutdeildarskírteini				
Innlend hlutdeildarskírteini og hlutir í verðbréfasjóðum				
Sjóðir með ríkistryggðum skuldabréfum	864.501	512.005	1.376.506	1.346.805
Erlend hlutdeildarskírteini og hlutir í verðbréfasjóðum				
Sjóðir með skuldabréfum	4.957.334	5.136.173	10.093.507	9.984.640
Sjóðir með hlutabréfum	60.928.272	54.545.668	115.473.940	88.206.627
	65.885.605	59.681.842	125.567.447	98.191.267
Aðrir sjóðir um sameiginlega fjárfestingu				
Innlendir, óskráðir	3.300.470	3.195.930	6.496.400	7.368.690
Erlendir, skráðir	90.757	94.031	184.787	380.845
Erlendir, óskráðir	9.449.802	8.703.240	18.153.042	11.615.296
	12.841.028	11.993.201	24.834.230	19.364.831
Eignarhlutir í félögum og sjóðum samtals	98.659.207	93.540.419	192.199.626	144.123.666

24. Hlutabréf greinast þannig:

	Eignar- hluti	Séreignar- sjóður	Samtryggingar- sjóður	Samtals 2021	Kostnaðar- verð	Samtals 2020
Innlend hlutabréf, skráð						
Marel hf.	1,1%	3.541.776	3.965.202	7.506.978	1.942.732	6.768.305
Arion banki hf.	1,3%	1.989.903	2.227.800	4.217.703	1.976.172	1.100.699
Festi hf.	4,7%	1.622.789	1.816.796	3.439.585	575.668	2.736.934
Eik fasteignafélag hf.	8,0%	1.593.966	1.784.528	3.378.494	1.016.719	2.546.231
Kvika banki hf.	1,9%	1.181.009	1.322.201	2.503.210	1.326.486	978.626
Síldarvinnslan hf.	1,4%	1.136.911	1.272.831	2.409.742	1.431.530	0
Íslandsbanki hf.	0,8%	979.964	1.097.120	2.077.084	1.300.235	0
Reitir fasteignafélag hf.	2,6%	796.336	891.540	1.687.876	1.129.620	1.122.602
Eimskipafélag Íslands hf.	1,8%	766.737	858.402	1.625.139	758.768	931.782
Icelandair Group hf. *	2,1%	648.988	726.576	1.375.563	2.825.819	975.879
Brim hf.	0,7%	523.764	586.381	1.110.144	414.616	713.054
Síminn hf.	1,1%	468.757	524.798	993.555	275.820	697.891
Önnur félög		1.000.180	1.119.754	2.119.934		2.207.996
		16.251.079	18.193.929	34.445.008	14.974.185	20.779.999

* Þar af eru 45 millj. kr. (2020: 83 millj. kr.) sem eru áskriftarréttindi (e. Warrants) sem er valkvætt að nýta í tveimur jöfnum áföngum í febrúar 2022 og í ágúst 2022.

24. Hlutabréf greinast þannig, frh.:

	Eignar- hluti	Séreignar- sjóður	Samtryggingar- sjóður	Samtals 2021	Kostnaðar- verð	Samtals 2020
Óskráð innlend hlutabréf						
HSV eignarhaldsfélag slhf. (HS veitur)	15,2%	888.137	994.316	1.882.454	840.560	1.139.557
Jarðvarmi slhf. (HS Orka)	5,2%	745.918	835.094	1.581.011	1.000.778	1.389.416
Blávarmi slhf. (Bláa lónið)	5,2%	588.255	658.582	1.246.837	958.120	670.168
Frumtak 2 slhf.	5,1%	260.267	291.382	551.649	245.534	266.995
Mandólin hf. (Mariott hótél)	6,2%	120.107	134.466	254.573	307.158	300.432
FÍ Eignarhaldsfélag slhf.	5,0%	113.504	127.074	240.578	236.336	0
Eldey HoldCo hf. (framtafsjárfestingar)	10,0%	66.207	74.122	140.329	140.329	0
Frumtak 3 slhf.	9,0%	17.326	19.398	36.724	40.600	0
Verðbréfamiðstöð Íslands hf.	3,4%	8.992	10.067	19.058	77.635	14.995
BG12 slhf. (Bakkavör Group Ltd.)	2,1%	3.467	3.677	7.145	172	7.153
Crowberry II slhf.	4,2%	3.125	3.499	6.624	6.647	0
IG Rest hf.	2,3%	1.372	1.536	2.908	2.908	0
Jarðvarmi GP hf.	5,5%	104	117	221	230	221
Blávarmi GP.	5,2%	99	111	210	210	210
SÍA III GP hf.	3,9%	73	82	156	156	156
BG 12 GP hf.	2,1%	40	44	84	84	84
Önnur félög		0	5.876	5.876		651.377
		2.816.993	3.159.443	5.976.436	3.857.457	4.440.763
Innlend hlutabréf samtals						
		19.068.073	21.353.372	40.421.444	18.831.642	25.220.762

25. Hlutdeildarskírteini og hlutir í verðbréfasjóðum greinast þannig:

	Eignar- hluti	Séreignar- sjóður	Samtryggingar- sjóður	Samtals 2021	Kostnaðar- verð	Samtals 2020
Innlend hlutdeildarskírteini, skráð						
IS Ríkisskuldabréf meðallöng	3,3%	516.932	335.930	852.862	438.390	833.607
IS Ríkissafn	3,2%	273.769	176.075	449.844	229.571	442.892
IS Ríkisskuldabréf löng	0,4%	73.800	0	73.800	31.060	70.307
		864.501	512.005	1.376.506	699.021	1.346.805
Erlend hlutdeildarskírteini						
Skuldabréfasjóðir, skráðir						
BlackRock ICS US Dollar Liquid Fund	0,1%	3.721.904	3.856.175	7.578.080	6.982.544	7.392.369
Vanguard US Government Bond Index Fund	0,3%	839.154	869.428	1.708.582	1.439.509	1.708.296
Vanguard Euro Gov. Bond Index Fund	0,1%	396.275	410.571	806.845	509.999	883.975
		4.957.334	5.136.173	10.093.507	8.932.052	9.984.640
Hlutabréfasjóðir, skráðir						
iShares Developed World ESG Screened Index Fund	8,3%	14.737.469	13.193.631	27.931.100	15.954.884	22.241.347
iShares Developed World Index Fund	1,2%	13.874.921	12.421.440	26.296.361	11.884.864	21.003.005
Vanguard Global Stock Index Fund	1,1%	11.260.961	10.081.307	21.342.268	5.967.298	17.092.259
Vanguard ESG Developed All Cap Equity Index Fund	4,7%	11.208.218	10.034.090	21.242.307	17.106.081	11.918.080
TRP Global Focused Growth Equity Fund	1,5%	5.302.453	4.746.989	10.049.442	6.315.174	8.927.393
GuardCap Global Equity Fund	1,9%	4.544.250	4.068.212	8.612.462	3.811.606	7.024.542
		60.928.272	54.545.668	115.473.940	61.039.908	88.206.627
Eignarhlutir í verðbréfasjóðum samtals		66.750.106	60.193.846	126.943.953	70.670.981	99.538.073

26. Hlutdeildarskírteini og hlutir annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu greinast þannig:

	Eignar- hluti	Séreignar- sjóður	Samtryggingar- sjóður	Samtals 2021	Kostnaðar- verð	Samtals 2020
Innland hlutdeildarskírteini og hlutir, óskráð:						
IS Lausafjársefn	7,8%	1.694.954	1.304.839	2.999.793	2.963.387	5.016.324
Landsbréf - Hvatning slhf. (Bláa lónið)	5,8%	326.774	365.841	692.615	491.914	442.723
Akur fjárfestingar slhf. (framtafsfjárfestingar)	6,9%	206.201	230.853	437.054	428.624	272.999
HORN III slhf. (framtafsfjárfestingar)	4,2%	205.594	230.173	435.767	424.167	257.045
SIA III slhf. (framtafsfjárfestingar)	3,9%	195.068	218.389	413.457	320.361	352.941
Innviðir fjárfestingar slhf. (framtafsfjárfestingar)	7,3%	141.761	158.709	300.470	315.620	225.188
Alda Credit Fund III slhf.	5,1%	72.681	139.719	212.400	200.000	165.514
Bakkastakkur slhf.	4,9%	96.853	108.431	205.284	358.882	201.547
MF1 slhf. (millilagsfjármögnun)	7,5%	93.819	105.035	198.854	144.516	245.065
VEX I slhf.	9,2%	83.390	93.359	176.749	182.970	0
Iðunn Framtakssjóður slhf.	7,5%	76.578	85.733	162.312	162.312	0
SIA IV slhf.	5,0%	48.323	54.101	102.424	112.000	0
Alda Credit Fund II slhf.	4,1%	25.212	48.468	73.680	60.000	71.160
Alda Credit Fund slhf.	2,6%	18.738	36.022	54.760	40.000	53.120
Auður I fagfjárfestasjóður slf.	4,7%	9.944	11.133	21.077	16.270	31.994
Horn II slhf. (framtafsfjárfestingar)	1,9%	4.578	5.125	9.704	65.081	28.085
Framtakssjóður Íslands slhf.		0	0	0	0	4.984
		3.300.470	3.195.930	6.496.400	6.286.102	7.368.690
Erlend hlutdeildarskírteini og hlutir, skráð:						
Oberon Credit Investment Fund II	2,7%	90.757	94.031	184.787	194.473	380.845

26. Hlutdeildarskírteini og hlutir annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu greinast þannig, frh.:

	Eignar- hluti	Séreignar- sjóður	Samtryggingar- sjóður	Samtals 2021	Kostnaðar- verð	Samtals 2020
Erlend hlutdeildarskírteini og hlutir, óskráð:						
Oberon Credit Investment Fund IV	4,1%	1.014.648	1.051.252	2.065.899	2.071.605	2.167.965
KKR Americas Fund XII	1,0%	1.038.475	929.689	1.968.164	945.654	1.072.487
Carlyle Partners VII	0,1%	839.606	751.652	1.591.257	1.227.377	557.598
Oberon USA Credit Investment Fund	8,8%	713.384	739.120	1.452.504	1.223.200	1.339.512
Global Infrastructure Solution 3	1,5%	746.815	668.581	1.415.396	1.131.496	1.182.310
MS Private Markets Fund VI	1,9%	705.673	631.749	1.337.422	502.361	1.105.320
North Sea Capital Private Equity Fund of Funds	6,4%	701.834	628.313	1.330.147	866.715	699.439
Portfolio Advisors Private Equity Fund X	1,5%	502.374	449.747	952.121	687.903	362.039
Crown Europe Small Buyouts IV	1,5%	491.340	439.869	931.210	496.574	684.548
Ashbridge Transformational Secondary Fund I	2,6%	483.870	433.182	917.052	425.402	807.836
Crown European Markets IV	2,1%	305.904	273.859	579.763	491.313	193.745
Ashbridge Transformational Secondaries Fund II	7,8%	255.911	229.103	485.014	479.495	0
Crown Europe Small Buyouts V	2,1%	140.386	125.679	266.065	242.473	102.333
Vesey Street Fund III-C, L.L.C.	8,1%	12.086	10.820	22.905	18.492	33.423
Aðrir sjóðir		1.497.497	1.340.625	2.838.122		1.306.741
		9.449.802	8.703.240	18.153.042	10.810.062	11.615.296

27. Skuldabréf greinast þannig:

	Séreignar- sjóður	Samtryggingar- sjóður	2021	2020
Ríkisvixlar og skuldabréf	20.063.406	27.962.113	48.025.519	53.379.397
Skuldabréf sveitarfélaga	4.972.213	8.771.867	13.744.081	12.014.608
Sértryggð skuldabréf	8.127.075	7.072.769	15.199.844	8.679.634
Skuldabréf og vixlar lánastofnana og váttryggingarfélaga	412.293	317.398	729.691	256.965
Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl félaga	9.366.483	10.224.352	19.590.835	13.246.094
Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	738.709	1.420.069	2.158.779	1.484.692
Veðskuldabréf	14.732.597	21.374.280	36.106.877	35.810.993
Niðurfærsla verðbréfa	(29.453)	(42.731)	(72.185)	(143.097)
	58.383.323	77.100.117	135.483.440	124.729.287

28. Veðskuldabréf greinast þannig:

Lán til sjóðfélaga	14.609.711	21.195.995	35.805.705	35.626.462
Önnur lán	122.886	178.285	301.171	184.531
	14.732.597	21.374.280	36.106.877	35.810.993

29. Niðurfærsla verðbréfa greinist þannig:

Niðurfærsla í ársbyrjun	59.722	83.375	143.097	155.194
Endanlega afskrifað á árinu	(11.597)	(15.571)	(27.168)	0
Breyting á niðurfærslu, hækkun (lækkun)	(18.672)	(25.072)	(43.745)	(12.096)
Niðurfærsla í árslok	29.453	42.731	72.185	143.097

30. Fjárfestingar skiptast þannig eftir gjaldmiðlum:

	Séreignar- sjóður	Samtryggingar- sjóður	2021	2020
Í íslenskum krónum:				
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	23.229.918	25.057.808	48.287.726	33.936.257
Skuldabréf	58.086.565	76.865.150	134.951.715	123.590.978
Bundnar bankainnstæður	29.867.709	0	29.867.709	28.452.207
Aðrar fjárfestingar	0	2.760	2.760	2.760
	111.184.192	101.925.717	213.109.910	185.982.202
Í erlendum gjaldmiðlum:				
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	75.429.289	68.482.611	143.911.900	110.187.408
Skuldabréf	296.758	234.967	531.725	1.138.309
	75.726.047	68.717.579	144.443.625	111.325.718
Fjárfestingar samtals	186.910.239	170.643.296	357.553.535	297.307.919
Verðbréf í erlendum gjaldmiðlum skiptast þannig:				
Verðbréf í USD	71.573.943	64.782.643	136.356.585	104.699.899
Verðbréf í EUR	4.149.093	3.930.975	8.080.068	6.608.710
Verðbréf í GBP	3.011	3.961	6.972	17.109
	75.726.047	68.717.579	144.443.625	111.325.718

31. Prepaskipting gangvirðis

Sjóðurinn notar eftirfarandi prepaskiptingu til að ákvarða og greina frá gangvirði fjárfestinga eftir matsaðferð:

1. þrep: Skráð verð eigna og skulda sem átt er viðskipti með á virkum mörkuðum.
2. þrep: Matsaðferð sem byggir á viðskiptum á markaði með sambærilegar eignir, t.d. með eignir þar sem stopul viðskipti eiga sér stað. Nýjasta viðskiptaverð í tengingu við almennt viðurkenndar verðmatsaðferðir er notað við að ákvarða gangvirði hlutabréfa. Ávöxtunarkrafa skuldabréfa með sambærilega tímalengd, sem eru virk í viðskiptum, er notuð sem viðmið við verðmat á skuldabréfum.
3. þrep: Matsaðferð byggir að verulegu leyti á verðlíkönum. Fyrir óskráð hlutabréf, þar sem engar markaðsupplýsingar liggja fyrir, er ýmsum almennt viðurkenndum verðmatsaðferðum beitt við mat á gangvirði. Verðmat sem byggir á sjóðstreymi eða samanburði á kennitölum sambærilegra fyrirtækja eru algengustu aðferðirnar við að reikna út gangvirði óskráðra hlutabréfa, auk nýlegra viðskipta og ríkjandi markaðsskilyrða. Sérhæfðir sjóðir eru metnir á innra virði í samræmi við árshlutauppgjör og endurskoðuð ársuppgjör sjóðanna.

Eignir á gangvirði 2021	1. þrep	2. þrep	3. þrep	Samtals
Eignarhlutar í félögum og sjóðum	164.388.753	4.044.031	23.766.842	192.199.626
Skuldabréf	79.129.931	20.318.817	0	99.448.748
Eignir á gangvirði	243.518.685	24.362.848	23.766.842	291.648.374

Eignir á gangvirði 2020	1. þrep	2. þrep	3. þrep	Samtals
Eignarhlutar í félögum og sjóðum	125.334.396	4.178.116	14.611.155	144.123.666
Skuldabréf	77.747.521	11.313.870	0	89.061.391
Eignir á gangvirði	203.081.916	15.491.985	14.611.155	233.185.056

Breytingar sem falla undir 3. þrep á árinu eru eftirfarandi:

Staða 1.1.2021	14.611.155
Keypt á árinu	6.235.614
Selt á árinu og arðgreiðslur	(2.695.614)
Matsbreyting	5.615.688
Staða 31.12.2021	23.766.842

32. Flokkun og gangvirði fjáreigna og fjárskulda:

Taflan hér fyrir neðan sýnir flokkun fjáreigna og fjárskulda sjóðsins 31.12.2021

Fjáreignir	Afskrifað kostnaðar- verð	Útlán	Á gangvirði gegnum rekstur	Samtals
Eignarhlutir í félögum og sjóðum			192.199.626	192.199.626
Skuldabréf		36.034.692	99.448.748	135.483.440
Bundnar bankainnstæður			29.867.709	29.867.709
Aðrar fjárfestingar	2.760			2.760
	2.760	36.034.692	321.516.083	357.553.535

33. Áfallinn kostnaður og fyrirframinnheimtar tekjur:

	2021	2020
Ógreidd launatengd gjöld	295.079	284.136
Ógreiddur kostnaður	43.082	24.163
	338.162	308.299

34. Aðrar skuldir greinast þannig:

	2021	2020
Ógreidd séreign inn á lán	44.656	40.572
Ógreidd fjárfesting	455.315	0
Ógreidd útborgun vegna húsnæðissparnaðar	511	11.838
Aðrar skuldir	28.713	771
Samtals	529.196	53.181

35. Fjárfestingar árið 2021 skiptast hlutfallslega þannig eftir verðbréfaflokkum, en þá hefur verið tekið tillit til eignasamsetningar í einstökum verðbréfasjóðum:

Skuldabréf	Ævisafn I		Ævisafn II		Ævisafn III		Innlánasafn	Ríkissafn		Ríkissafn stutt		Húsnæðis-safn		Samtryggingar-sjóður	
Ríkisvixlar og skuldabréf	3.687	9%	13.019	15%	4.168	13%		1.136	100%	459	100%	46	10%	30.030	18%
Sértryggð skuldabréf	1.136	3%	4.066	5%	2.925	9%								7.073	4%
Skuldabréf sveitarfélaga	966	2%	3.463	4%	543	2%								8.772	5%
Skuldabréf og vixlar lánastofnana og vátryggingafélaga	55	0%	197	0%	160	0%								317	0%
Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl félaga	2.080	5%	6.862	8%	3.742	11%								13.769	8%
Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl annarra sjóða um saml. fjárfestingu	205	0%	733	1%	205	1%								1.731	1%
Fasteignaverðtryggð skuldabréf	1.977	5%	7.058	8%	5.262	16%						406	90%	21.332	13%
Hlutabréf															
Innlend hlutabréf	6.186	15%	10.613	13%	2.269	7%								21.353	13%
Erlend hlutabréf	21.995	52%	31.934	38%	7.000	21%								54.546	32%
Hlutir og hlutdeildarsk. annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	3.636	9%	5.897	7%	1.614	5%								10.688	6%v
Aðrar fjárfestingar														3	0%
Laust fé / skammtímaávöxtun	179	0%	639	1%	519	2%		6	0%	1	0%			1.029	1%
Bundnar bankainnstæður					4.202	13%	25.666	100%							
Samtals	42.100		84.482		32.608		25.666		1.142		460		452		170.643

36. Tryggingafræðileg staða

Tryggingafræðileg staða samtryggingardeildar sjóðsins er reiknuð í samræmi við ákvæði 39. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Útreikningurinn er gerður af tryggingastærðfræðingi sem hefur til þess tilskilda staðfestingu frá Fjármálaeftirlitinu og starfar sjálfstætt utan sjóðsins. Helstu forsendur útreikninga miðast við ákvæði IV. kafla reglugerðar nr. 391/1998 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Örorkulíkur byggja á reynslu árunna 2010–2014 hjá sjóðnum og lífslíkur á reynslu árunna 2014–2018 með spá FÍT um lækkað dánartíðni til framtíðar. Notaðar eru íslenskar dánarlíkur með 20% frádragi sem byggja á reynslu Almenna lífeyrissjóðsins. Að öðru leyti var miðað við staðlaðar forsendur og 3,5% vaxtaviðmiðun umfram vísitölu neysluverðs við núvirðisútreikning væntanlegs lífeyris og framtíðariðgjalda.

Rétt er að leggja áherslu á að nú er í fyrsta sinn í úttekt notaðar nýjar dánar- og eftirlífendatölur Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga sem gera ráð fyrir því að dánartíðni fari lækkað í framtíðinni. Þessi aðferð er talin líklegri til að sýna réttari niðurstöður til framtíðar lítið en veldur því jafnframt að skuldbindingar reiknast talsvert meiri en áður. Einnig urðu breytingar á reglum um endurmat hlutabréfa og liðir vegna varúðarniðurfærslu hlutabréfa og núvirði fjárfestingargjalda hafa verið felldir brott. Þessar breytingar hafa áhrif á niðurstöðuna 2021 en ekki árið á undan.

Yfirlit um breytingar á tryggingafræðilegri stöðu samtryggingarsjóðs

Eignir	2021	2020
Endurmetin eign til tryggingafræðilegs uppgjors í árslok	275.508.998	239.134.249
Endurmetin eign til tryggingafræðilegs uppgjors í ársbyrjun	239.134.249	209.518.456
Hækkun / lækkun endurmetinnar eignar á árinu	36.374.748	29.615.793

Skuldbindingar

Skuldbindingar í árslok	295.047.927	240.674.759
Skuldbindingar í ársbyrjun	240.674.759	215.963.391
Hækkun / lækkun skuldbindingar á árinu	54.373.168	24.711.368

Breyting á tryggingafræðilegri stöðu á árinu	(17.998.419)	4.904.425
--	---------------	-----------

Yfirlit um breytingar á áföllnum lífeyrisskuldbindingum samtryggingardeildar

Áfallnar lífeyrisskuldbindingar í ársbyrjun	138.296.822	124.335.337
Hækkun lífeyrisskuldbindinga vegna vaxta og verðbóta	11.500.014	8.685.358
Hækkun áunninna réttinda vegna iðgjalda ársins	7.487.530	6.612.148
Lækkun vegna greidds lífeyris á árinu	(3.148.083)	(2.710.810)
Hækkun vegna sérhæfðra forsendna um lífs- og örorkulíkur	13.374.925	0
Breyting á núvirtum rekstrarkostnaði í áfallinni stöðu	433.099	844.873
Lækkun vegna annarra breytinga	297.831	529.915
	168.242.139	138.296.822

Áhættustýring og umfang áhættu

37. Greining áhættupátta og áhættustýring

Til samræmis við reglugerð nr. 590/2017 um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða hefur lífeyrissjóðurinn mótað eftirlitskerfi með það að markmiði að sjóðnum sé kleift að greina, meta, vakta og stýra áhættu í starfsemi sjóðsins. Eftirlitskerfið grundvallast á lagafyrirmælum, reglugerðum, leiðbeinandi tilmælum FME og stefnumótun sjóðsins. Eftirlitskerfið samanstendur af eigin áhættumati, áhættustefnu, áhættustýringarstefnu, fjárfestingarstefnu, starfsreglum, verklagsreglum, verkferlum, starfslýsingum og öðrum innri reglum sjóðsins.

Stjórn hefur mótað verklag um framkvæmd eigin áhættumats þar sem skilgreind eru hlutverk aðila sem koma að matinu og aðferðafræði sem beitt er við matið er lýst. Framkvæmd áhættumatsins fer fram hjá stjórnendum í samvinnu og samráði við stjórn. Meginflokkar áhættu í starfsemi sjóðsins eru markaðsáhætta, lífeyristryggingaráhætta, mótaðilaáhætta og rekstraráhætta. Eigið áhættumat tekur til alls 29 áhættupátta sem heyra undir framangreindra meginflokka áhættu.

Stjórn hefur sett sjóðnum áhættustefnu með það að markmiði að auka öryggi í rekstri sjóðsins. Áhættustefna er stefna stjórnar um áhættutöku, áhættuvilja og áhættupól í starfsemi sjóðsins vegna veigamestu áhættupætti og hvernig skuli greina, meta, vakta og stýra áhættu. Áhættustefnan byggir á framkvæmd og niðurstöðum eigin áhættumats sem og fjárfestingarstefnu sjóðsins. Í áhættustefnunni er fjallað um einstaka áhættupætti, þeir skilgreindir og gerð er grein fyrir hvernig þeir eru metnir, mældir og vikmörk einstakra áhættupátta eru tilgreind.

Áhættustjóri leggur fyrir stjórnendur í hverjum mánuði skýrslu um framvindu áhættueftirlits og innra eftirlits. Stjórnendur meta hvort framkvæmd og niðurstöður eftirlitsaðgerða séu í samræmi við áhættustefnu og annað skjalfest skipulag og/eða heimildir. Sýni niðurstöður eftirlitsaðgerða áhættu umfram viðmiðanir skal brugðist við í samræmi við viðbragðslýsingu. Framkvæmd eftirlits er allt frá því að vera einu sinni til tólf sinnum á ári.

Áhættustýringarstefna er sett með hliðsjón af eigin áhættumati, áhættustefnu og fjárfestingarstefnu sjóðsins. Áhættustýringarstefna er lýsing á skipulagi áhættustýringar, hlutverkum starfseininga í skipulagi áhættustýringar, lýsing á áhættueftirliti og aðferðum sem sjóðurinn styðst við í mati á þeim áhættupáttum sem áhættustefna sjóðsins nær til. Áhættueftirlit samkvæmt áhættustýringarstefnu fer fram með reglulegum og tímasettum úttektum eða eftirlitsaðgerðum.

Áhættustjóri er ábyrgðaraðili áhættustýringar og veitir starfssviði áhættustýringar forstöðu, starfssviðið heyrir undir framkvæmdastjóra en áhættustjóri hefur milliliðalausán aðgang að stjórn sjóðsins og er jafnframt ritari endurskoðunarnefndar. Áhættustjóri ber ábyrgð á

greiningu, mælingu og skýrslugjöf um áhættu í rekstri sjóðsins. Staðfestur hefur verið verkferill um áhættustýringu og störf áhættustjóra hjá AL, sem lýsir helstu starfsskyldum hans og miða að því að stjórn fái reglulega upplýsingar um áhættugreiningu, áhættumælingar, framvindu áhættueftirlits og virkni innra eftirlits.

Skýrslur um framvindu og niðurstöður áhættueftirlits eru að jafnaði lagðar mánaðarlega fyrir stjórnendur og í kjölfarið fyrir stjórn sjóðsins. Hálfárslega leggur áhættustjóri að auki fyrir stjórn skýrslu um þróun áhættumælikvarða og frávik hafi þau komið fram við eftirlit.

38. Eftirlit og stýring fjárhagslegrar áhættu

Fjárhagsleg áhætta er hættan á fjárhagslegu tapi sem fólgin er í verulegum verðbreytingum á fjármálagerningum vegna breytinga á vaxtastigi, gjaldmiðlagengi, markaðsgengi skráðra fjármálagerninga o.fl. Sjóðurinn hefur eftirlit með sjö þáttum fjárhagslegrar áhættu, þ.e. vaxtaáhættu, uppgreiðsluáhættu, markaðsáhættu, gjaldmiðlaáhættu, ósamræmisáhættu, verðbólguáhættu og áhættu vegna liða utan efnahagsreiknings. Í áhættustefnu sjóðsins eru skilgreind markmið, viðmið og/eða vikmörk fyrir fjárhagslegar áhættur og fjárfestingarstefna sjóðsins tekur mið af því að ólíkir flokkar verðbréfa og fjárfestingakosta bera mismikla áhættu.

Mat á umfangi fjárhagslegrar áhættu

Markaðsáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi vegna verðbreytinga á fjármálagerningum, sem skráðir eru á markaði eða hafa beina tengingu við skráð markaðsbréf. Með virði í húfi (VaR, Value at risk) er átt við hve mikið er talið að virði eignasafns geti rýrnað á tilteknu tímabili undir eðlilegum kringumstæðum. Sjóðurinn reiknar virði í húfi með 95% öryggismörkum til að meta umfang markaðsáhættu í ávöxtunarleiðum. Útreikningur á virði í húfi byggir á mánaðarlegum ávöxtunargildum og flökti ávöxtunar síðastliðinna fimm ára og gefur til kynna að í 95% tilvika verði mánaðarávöxtun á fimm ára tímabili jöfn eða betri en útreiknað virði í húfi.

38. Eftirlit og stýring fjárhagslegrar áhættu, frh.

Virði í húfi fyrir ávöxtunarleiðir Almenna samkvæmt ofangreindu.

	Ævisafn I	Ævisafn II	Ævisafn III	Ríkissafn	Ríkissafn stutt	Innlánasafn	Samtryggingarsjóður
VaR (95%) *	(2,2%)	(1,4%)	(0,3%)	(0,6%)	(0,2%)	(0,1%)	(0,9%)

* Áætlað virði í húfi sem hlutfall af eignum viðkomandi ávöxtunarleiða.

Vaxtaáhætta er hættan á að breytingar á vöxtum og lögun vaxtaferils leiði til lækkunar á virði skuldabréfa. Næmi skuldabréfaverðs fyrir breytingum á markaðsvöxtum er jafnan mælt í meðaltíma skuldabréfs, í því samhengi lækkar skuldabréf með langan meðaltíma meira í verði þegar markaðsvextir hækka heldur en skuldabréf með styttri meðaltíma. Almenni lífeyrissjóðurinn skilgreinir stefnu um meðaltíma og vikmörk fyrir ávöxtunarleiðir. Sjóðfélögum er ráðlagt að velja sér ávöxtunarleiðir fyrir séreignarsparnaðar með tilliti til vænts sparnaðartíma. Taflan hér fyrir neðan sýnir meðaltíma markaðsskuldabréfa í ávöxtunarleiðum og áætlað næmi leiðanna fyrir hliðrun vaxtakúfunnar upp um eitt prósentustig. Hliðrist vaxtakúrfan niður um eitt prósentustig er áætlað næmi svipað en þá í gagnstæða átt.

Veginn meðaltími skuldabréfaeigna og áætlað næmi ávöxtunarleiða samkvæmt ofangreindu.

	Ævisafn I	Ævisafn II	Ævisafn III	Ríkissafn	Ríkissafn stutt	Húsnæðissafn	Samtryggingarsjóður
Meðaltími markaðsskuldabréfa	6,3	6,3	3,3	7,1	1,2	1,0	7,1
Vægi markaðsskuldabréfa	17,1%	30,5%	31,7%	95,6%	84,7%	9,3%	32,9%
Næmi (100p) *	(1,1%)	(1,9%)	(1,1%)	(6,8%)	(1,0%)	(0,1%)	(2,3%)

* Áætluð lækkun á virði heildareigna ávöxtunarleiðar ef ávöxtunarkrafa hækkar um eitt prósentustig.

Ávöxtunarleiðir Almenna lífeyrissjóðsins eiga einnig sjóðfélagalán að undanskildum ríkissöfnunum og innlánasafninu. Sjóðfélagalánin eru ekki gerð upp m.v. ávöxtunarkröfu á markaði líkt og markaðsskuldabréf heldur eru þau gerð upp á nafnvöxtum lánanna. Meðaltími ávöxtunarleiðanna lengist þegar sjóðfélagalánunum er bætt við eins og sjá má í töflunni hér að neðan og vægi skuldabréfa í söfnunum eykst í kjölfarið.

Veginn meðaltími skuldabréfaeigna eftir ávöxtunarleiðum tekið tillit til eigna í sjóðfélagalánum

	Ævisafn I	Ævisafn II	Ævisafn III	Ríkissafn	Ríkissafn stutt	Húsnæðissafn	Samtryggingarsjóður
Meðaltími skuldabréfa	7,6	7,6	6,4	7,1	1,2	11,4	8,6
Vægi skuldabréfa	21,7%	38,6%	47,2%	95,6%	84,7%	91,8%	45,1%

38. Eftirlit og stýring fjárhagslegrar áhættu, frh.

Gjaldmiðlaáhætta er hættan á að breytingar á gengi gjaldmiðla gagnvart íslensku krónunni (styrking ISK) rýri verðmæti erlendra eigna sjóðsins mælt í íslenskum krónum. Samtryggingarsjóður og Ævisöfn I-III eiga safn erlendra eigna, allar eignir annarra safna eru í samræmi við fjárfestingarstefnu í íslenskum krónum. Stefna sjóðsins er að gjaldmiðlasamsetning erlendra hlutabréfaeigna endurspegli gjaldmiðlaskiptingu MSCI heimsvísitölu hlutabréfa.

Vægi helstu gjaldmiðla í safni erlendra eigna.

	USD	EUR	JPY	GBP	CAD	CHF	AUD	Annað
Vægi	69,1%	12,8%	5,0%	3,6%	2,2%	2,1%	1,3%	3,9%

Sjóðurinn reiknar samdreifni gengispróunar gjaldmiðla gagnvart íslensku krónunni og virði í húfi (VaR, Value at Risk) með 99,5% öryggismörkum fyrir gjaldmiðlasamsetningu erlendra eigna til að meta umfang gjaldmiðlaáhættu. Útreikningurinn byggir á gengispróun og flökki gengispróunar gjaldmiðla gagnvart íslensku krónunni milli mánaða síðastliðin fimm ár (fært á ársgrundvöll) og gefur til kynna að í 99,5% tilvika verði ársbreyting í virði erlendra eigna vegna gengispróunar íslensku krónunnar gagnvart undirliggjandi gjaldmiðlum, á fimm ára tímabili jöfn, eða hagstæðari en útreiknað virði í húfi. Reiknað 99,5% virði í húfi fyrir safn eigna í erlendum gjaldeyri er í árslok -27,5%.

Vægi erlendra eigna í ávöxtunarleiðum.

	2021				2020			
	Ævisafn I	Ævisafn II	Ævisafn III	Samtryggingarsjóður	Ævisafn I	Ævisafn II	Ævisafn III	Samtryggingarsjóður
Erlendar eignir alls	60,9%	46,1%	29,7%	39,7%	59,0%	44,6%	23,6%	36,5%
Þar af USD	41,8%	31,8%	20,9%	27,5%	38,8%	29,7%	16,3%	24,4%
Þar af EUR	7,5%	5,9%	4,1%	5,1%	7,6%	6,1%	3,6%	5,1%
Þar af JPY	3,2%	2,3%	1,3%	2,0%	4,1%	2,9%	1,2%	2,3%
Þar af GBP	2,3%	1,7%	0,9%	1,4%	2,4%	1,7%	0,7%	1,3%

Næmni gagnvart gjaldeyrisáhættu

Eftirfarandi tafla sýnir áhrif 10% styrkingar íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum til lækkunar á hreinni eign til greiðslu lífeyris ef öllum öðrum breytum er haldið föstum. Veiking íslensku krónunnar um 10% hefði jafn mikil áhrif til hækkunar hreinnar eignar til greiðslu lífeyris.

	2021				2020			
	Ævisafn I	Ævisafn II	Ævisafn III	Samtryggingarsjóður	Ævisafn I	Ævisafn II	Ævisafn III	Samtryggingarsjóður
USD	(4,2%)	(3,2%)	(2,1%)	(2,7%)	(3,9%)	(3,0%)	(1,6%)	(2,4%)
EUR	(0,8%)	(0,6%)	(0,4%)	(0,5%)	(0,8%)	(0,6%)	(0,4%)	(0,5%)
JPY	(0,3%)	(0,2%)	(0,1%)	(0,2%)	(0,4%)	(0,3%)	(0,1%)	(0,2%)
GBP	(0,2%)	(0,2%)	(0,1%)	(0,1%)	(0,2%)	(0,2%)	(0,1%)	(0,1%)

39. Eftirlit og stýring mótaðilaáhættu

Mótaðilaáhætta er hættan á því að mótaðili í viðskiptum eða útgefandi verðbréfs geti ekki staðið við skuldbindingu sína gagnvart sjóðnum eða uppfylli ekki ákvæði samnings að öðru leyti. Sjóðurinn hefur eftirlit með sex þáttum mótaðilaáhættu, þ.e. útlánaáhættu, útgefendur hlutabréfa, samþjöppunaráhættu, landsáhættu, afhendingaráhættu og uppgjörshættu. Í fjárfestingarstefnu sjóðsins er skilgreint hámarksvægi á sama útgefanda verðbréfa í eigu sjóðsins til að draga úr mótaðilaáhættu. Einnig hefur sjóðurinn skilgreint viðmiðanir um fjárhagslegan styrk og arðsemi útgefenda til hliðsjónar við val á verðbréfum til að draga úr tapsáhættu eins og hægt er. Sjóðurinn setur þau skilyrði við kaup á verðbréfum að hafa aðgang að árs- og milliuppgjörum útgefenda til greiningar með tilliti til skilgreindra viðmiðana.

40. Eftirlit og stýring útlánaáhættu

Útlánaáhætta er hættan á greiðslufalli tiltekins skuldara og tapi sem af því getur orðið og er jafnan mæld með gjaldþolsprófi eða lánshæfismati. Útgefendur þurfa að uppfylla viðmiðanir um rekstrar- og efnahagslega þætti sem skilgreindar eru í fjárfestingarstefnu sjóðsins þegar ákvörðun er tekin um fjárfestingar. Skuldabréf útgefenda sem ekki uppfylla lágmarksskilyrði samkvæmt framansögðu eru ekki keypt nema með skilmálum sem tryggja betur rétt sjóðsins og/eða tryggingum sem sjóðurinn metur gildar. Í kjölfar birtinga ársskýrsla útgefenda er framkvæmt mat á stöðu útgefenda gagnvart framansögðum viðmiðunum. Lánshæfismatsfyrirtækið Reitun ehf. lánshæfismetur skuldabréfaeignir ávöxtunarleiða árlega.

Mat á umfangi útlánaáhættu

Reitun ehf. byggir mat sitt á greiningu einstakra útgefenda útfrá skilgreindum matsaðferðum og byggir greiðslufallslíkur á erlendum gagnasöfnum. Matskerfið byggir á einkunnakerfi sem lýst er með grunnflokkunum i.AAA til i.D. Félög með sömu einkunn hafa að jafnaði sömu greiðslufallslíkur en einnig er gert ráð fyrir að meðaltal vænts taps útistandandi krafna félaga með sömu einkunn sé hið sama. Ef ástæða er til að ætla að væntar endurheimtur skuldabréfs séu aðrar en meðalendurheimtur útgefenda fær bréfið einkunn miðað við viðmiðunarlíkur greiðslufalls útgefandans og vænt endurheimtuhlutfall bréfsins. Heildareinkunn skuldabréfasafns í eigu ávöxtunarleiða er einkunn einstakra skuldabréfa vegin að fjárhæð útistandandi heildarvirðis viðkomandi skuldabréfs.

Lánshæfiseinkunn og mat á tapslíkum

	Ævisafn I	Ævisafn II	Ævisafn III	Ríkissafn	Ríkissafn stutt	Húsnæðissafn	Samtryggingarsjóður
Heildarvirði m.kr.	9.039	32.359	15.131	988	415	452	77.100
Meðaltími	7,6	7,6	6,4	7,1	1,2	11,4	8,6
Einkunn	i.AA2	i.AA2	i.AA2	i.AAA	i.AAA	i.AA1	i.AA2
Vænt tap á líftíma	0,11%	0,11%	0,05%	0,00%	0,00%	0,07%	0,12%
Vænt tap á líftíma m.kr.	10	36	8	0	0	0	93

Eftirfarandi tafla sýnir vanskilafjárhæð útlána flokkuð eftir aldri (m.kr)

	Lán til sjóðfélaga		Önnur skuldabréf		Samtals	
	2021	2020	2021	2020	2021	2020
31–60 dagar	0,5	1,0	0,0	0,0	0,5	1,0
61–90 dagar	0,2	0,0	0,0	0,0	0,2	0,0
Vanskil yfir 90 dögum	0,7	2,1	0,0	0,0	0,7	2,1

41. Eftirlit og stýring lausafjánhættu

